



Íþróttabandalag Akraness

Stofnað 1946



Ársskýrsla 2014

71. ársþing - 15. apríl 2015



Sigurður Elvar Þórólfsson,
ritari



Helga Sjöfn Jóhannes-
dóttir, varaformaður



Sigurður Arnar
Sigurðsson, formaður



Bjarki Jóhannesson
gjaldkeri (hætti í stjórn
fyrir áramótin)



Sigríður Ragnarsdóttir,
meðstjórnandi



Steindóra S. Steinsdóttir,
varamaður



Jón Þór Þórðarson,
íþróttafulltrúi ÍA



Brynjar Sigurðsson,
varamaður



Sveinhjörn Hlöðversson,
Knattspyrnufélagið
Kári



Einar Örn Guðnason,
Kraftlyftingafélag
Akraness



Guðmundur Sigurðsson,
Keilufélag
Akraness



Birgitta R. Ásgeirsdóttir,
Badmintonfélag
Akraness



Örn Arnarson,
Körfuknattleiksfélag
Akraness



Eydís Línal
Finnbogadóttir,
Karatefélag Akraness



Þórður Emil Ólafsson,
Golfklúbburinn
Leynir



Anna Bjarnadóttir,
Ungmennafélagið
Skipaskagi



Stefán G. Ármannsson,
Hestamannafélagið
Dreyri



Trausti Gylfason,
Sundfélag
Akraness



Magnús Guðmundsson,
Knattspyrnufélag
ÍA



Jóna B. Olsen,
Blakfélagið
Bresi



Sigrún Inga
Guðnadóttir,
Fimleikafélag Akraness



Sýlvía B. Kristinsdóttir,
Íþróttafélagið
Þjótur



Jón S. Ólason,
Skotfélag
Akraness



Jóhann Pétur Hilmarsson,
Vélhjólaiþróttafélag
Akraness



Örnólfur Þorleifsson,
Hnefaleikafélag
Akraness

Skýrsla framkvæmdastjórnar ÍA starfsárið 2014

Framkvæmdastjórn ÍA árið 2014 skipuðu:

Sigurður Arnar Sigurðsson, formaður
Helga Sjöfn Jóhannesdóttir, varaformaður
Sigurður Elvar Þórólfsson, ritari
Bjarki Jóhannesson, gjaldkeri (hætti í stjórn fyrir
áramótin þar sam hann fluttist til Reykjavíkur)
Sigríður Ragnarsdóttir, meðstjórnandi

Varamenn í stjórn:

Brynjar Sigurðsson og Steindóra S. Steinsdóttir
** Í nóvember kom Daníel Þór Heimisson inn sem áheyrnarfulltrúi unga fólksins.*

Formenn aðildarfélag ÍA árið 2014 voru:

Birgitta Rán Ásgeirsdóttir formaður Badmintonfélags ÍA
Jóna Björg Olsen formaður Blakfélagsins Bresa
Sigrún Guðnadóttir formaður Fimleikafélags Akraness
Þórður Emil Ólafsson formaður Golfklúbbsins Leynis
Stefán G. Ármannsson, form. Hestamannafélagsins Dreyra
Örnólfur Þorleifsson formaður Hnefaleikafélags Akraness
Soffía Pétursdóttir formaður Íþróttafélagsins Þjós
Eydís Líndal Finnbogadóttir form. Karatefélags Akraness
Guðmundur Sigurðsson formaður Keilufélags Akraness
Magnús Guðmundsson formaður Knattspyrnufélags ÍA
Sveinbjörn Hlöðversson form. Knattspyrnufélagsins Kára
Einar Örn Guðnason form. Kraftlyftingafélags Akraness
Örn Arnarsson formaður Körfuknattleiksfélags Akraness
Anna Bjarnadóttir formaður Umf. Skipaskaga
Jón S. Ólason formaður Skotfélags Akraness
Trausti Gylfason formaður Sundfélags Akraness
Jóhann Pétur Hilmarsson form. Vélhjólaiþróttafélags Akraness

Íþróttarárið 2014

Það var margt ánægjulegt sem gladdi ÍA hjartað á árinu 2014. Egill Guðlaugsson vann Atlamótið í badminton, en þar eignaðist ÍA í fyrsta skipti sigurvegara í einliðaleik í meistaraflokki karla. Valdís Þóra Jónsdóttir hafði í nógu að snúast á árinu og lék í fjölmörgum mótum á sínu fyrsta ári sem atvinnumaður og stóð hún sig með þrýði.

Samtals syntu sundmenn í Sundfélagi Akraness átján sinnum til úrslita á Íslandsmeistaramótum á árinu. Ágúst Júlíusson varð þrefaldur Íslandsmeistari og þá unnu sundmenn félagsins til sjö verðlauna á Unglingameistaramóti Íslands og tveggja verðlauna á aldursflokkeistaramóti Íslands. Fimleikafélagið náði samtals 84 verðlaunasætum á Íslandsmóti og bikarmóti í stökkfimi. Hjá Knattspyrnufélagi ÍA vann meistaraflokkur karla sér aftur sæti í efstu deild. Meistaraflokkur kvenna féll úr efstu deild en liðið fékk mjög góða reynslu sem mun nýtast í baráttunni um sæti meðal þeirra bestu fljótt aftur. Mjög góður árangur náðist hjá yngri flokkunum hjá báðum kynjum og náðust

t.d. Íslandsmeistaratitlar hjá þremur flokkum og nokkrir flokkar náðu verðlaunasætum. Knattspyrnufélagið Kári vann sig uppí 3.deild og konurnar í Blakfélaginu Bresa urðu deildarmeistarar í 2. deild. Í kraftlyftingum unnu Einar Örn Guðnason, Lára Bogey Finnbogadóttir og Árni Thor Guðmundsson Íslandsmeistararatitla í sínum flokkum. Skúli Freyr Sigurðsson keppti á HM í keilu í Abu Dhabi. Fjórir krakkar frá Karatefélaginu fóru til Malmö í Svíþjóð að keppa á opna sænska mótinu, þau stóðu sig með þrýði og komu þau öll heim með verðlaun í farteskinu. Mikill uppgangur er í starfi Vélhjólaiþróttafélagsins og Körfuknattleiksfélagið er að gera góða hluti. Það er fjölbreytt starf í Ungmennafélaginu Skipaskaga, þar eru t.d. magir ungir dansarar úr Dansstúdíói Írisar Einarisdóttur sem kepptu í samkvæmisdönsum og stóðu sig mjög vel. Knapar frá Hestamannafélaginu Dreyra stóðu sig með miklum ágætum á landsmóti hestamanna þótt enginn hafi komist í úrslit í gæðingakeppni eða yngriflokkum í þetta skipti. Skotfélagið stóð fyrir opnu móti í skeet, Akranes open og tókst mótið í alla staði vel.

Íþróttamaður ársins 2014 á Akranesi

Ágúst Júlíusson var kjörinn íþróttamaður Akraness fyrir árið 2014. Ágúst á að baki langan og farsælan feril í sundinu, hann hefur margoft orðið Íslandsmeistari. Oftsinnis hefur hann verið valinn til keppni erlendis fyrir Íslands hönd. Árið 2014 var mjög gott hjá Ágústi, á Íslandsmeistaramótinu í 50 m laug setti hann Akranesmet og varð Íslandsmeistari í 50 m flugsundi. Á sama móti varð hann í 2. sæti í 100m flugsundi, aðeins hársbreidd frá gullverðlaunum. Hann kom, sá og sigraði á ÍM 25. Þar synti hann mun betur en nokkurn hafði órað fyrir nýrisinn upp úr meiðslum. Hann varð tvöfaldur Íslandsmeistari í 50m og 100m flugsundi og setti tvö Akranesmet. Hann var einnig mjög nálægt lágmörkum fyrir Heimsmeistaramótið í 25m laug í 50m flugsundi. Annar í kjörinu varð badmintonmaðurinn Egill G. Gunnarsson. Egill er í A-landsliði Íslands og keppir fyrir ÍA í meistaraflokksmótum. Hann er annar á styrkleikalista Badmintonsambands Íslands í einliðaleik og í þriðja sæti í tvenndarleik. Egill komst í úrslit á öllum mótum ársins og tók þátt í undankeppni EM með A-landsliði Íslands. Í þriðja sæti var kylfingurinn Valdís Þóra Jónsdóttir. Valdís Þóra hefur verið í hópi fremstu kylfinga landsins undanfarin ár og hefur verið atvinnukylfingur undanfarin misseri eftir að hún lauk háskólanámi í Bandaríkjunum. Í sumar endaði hún í þriðja sæti á Íslandsmótinu í högggleik.

Eftirfarandi íþróttamenn voru tilnefndir af sínum félögum að þessu sinni:

Badmintonmaður ársins: Egill G. Guðlaugsson
Fimleikakona ársins: Ragna Dís Sveinbjörnsdóttir
Hestaíþróttamaður ársins: Svandís Lilja Stefánsdóttir
Hnefaleikamaður ársins: Guðmundur Bjarni Björnsson



Íþróttamaður Þjóts: Sigurður Smári Kristinsson
 Karatekona ársins: Elsa María Guðlaugsdóttir
 Kynngur ársins: Valdís Þóra Jónsdóttir
 Keilumaður ársins: Skúli Freyr Sigurðsson
 Knattspyrnum. ársins: Garðar Bergmann Gunnlaugsson
 Knattspyrnukona ársins: Maren Leósdóttir
 Knattspyrnumaður Kára: Ragnar Már Viktorsson
 Kraftlyftingamaður ársins: Einar Örn Guðnason
 Körufuknattleiksmaður ársins: Zachary Jamarco Warren
 Sundmaður ársins: Ágúst Júlíusson
 Vélhjólaiþróttamaður ársins: Björn Torþ Axelsson

Sturlaugur Sturlaugsson, heiðursfélagi ÍA

Á kjöri Íþróttamanns Akraness fyrir árið 2014 notaði framkvæmdastjórn ÍA tækifærið og sæmdi Sturlaug Sturlaugsson fráfarandi formann ÍA gullmerki bandalagsins fyrir áratuga löng störf hans í þágu ÍA, Sturlaugur hóf feril sinn sem sundmaður hjá Sundfélagi Akraness og varð seinna þjálfari félagsins. Þá var hann formaður Sundfélags Akraness á árunum 1983-1990. Í kjölfar þess var Sturlaugur kosinn í framkvæmdastjórn Íþróttabandalags Akraness og þar af formaður ÍA samfellt í 15 ár, frá 1999 - 2014. Sturlaugur hefur unnið ómetanlegt starf fyrir ÍA og verið ötull baráttumaður fyrir bættri aðstöðu til íþróttaiðkunar á Akranesi. Fyrir það erum við þakklát og veitum Sturlaugi gullmerki ÍA og sæmdarheitinu heiðarsfélagi ÍA.

Almenningsíþróttir og þrekstarfsemi ÍA

Íþróttabandalagið tók virkan þátt í ýmsum verkefnum sem miða að bættri heilsu og forvörnum. Íþróttabandalagið gerði átaksverkefnum ÍSÍ "Lífshlaupið" og "Hjólað í vinn-

una" góð skil og hvatti sem flesta til að taka þátt. Skagamenn eru sífellt duglegri að nýta umhverfi bæjarins til að fara út að ganga, skokka, hjóla eða synda. Sjóvá Kvennahlaup ÍSÍ á Akranesi fór fram laugardaginn 14. júní. Hlaupið var frá nýendurbættu Akratorgi. Slagorð hlaupsins í ár var "Konur eru konum bestar" þar sem konur eru hvattar til að taka þátt í göngu- og hlaupahópum. Jónsmessuganga var farin fimmtudaginn 26. júní. Gengið var frá skjólpallinum við





Sólmundarhöfða, gengið meðfram Langasandi og sem leið liggur niður að Akranesvita þar sem léttar veitingar voru í boði. Gamlárshlaup Skagamanna var hlaupið á gamlársmorgun frá Akratorgi og hafði Knattspyrnufélag ÍA veg og vanda af því hlaupi. Þrekstarfsemi ÍA var öflug að vanda og góð aðsókn í þreksalana. Í þreksölunum voru 6 sjálfstætt starfandi einkaþjálfarar, þau Anna Lilja Valsdóttir, Anna Sigríður Reynisdóttir, Heiðar Logi Sigtryggsson, Jóhann Pétur Hilmarsson, Kristín Halldórsdóttir og Rúna Björg Sigurðardóttir. Einnig er í aðstöðu ÍA boðið uppá fjölbreytt hóptíma námskeið eins og t.d. BodyPump, Spinning, Zúmba, Metabolic, Tabata, Pilates, þrek- og átaksnámskeið. ÍA þakkar þjálfurum, sem og öllu starfsfólki íþróttamannvirkjanna fyrir samstarfið á árinu 2014.

Starf framkvæmdastjórnar ÍA

Algjörlega ný framkvæmdastjórn ÍA tók við að loknu 70.ársþingi ÍA 2014 og var í fyrstu í því að kynna sér betur starfsemina innan ÍA og þau verkefni sem fyrir liggja. Í aðdraganda bæjarstjórnarkosninganna í maí funduðu Sigurður Arnar formaður, Helga Sjöfn varaformaður og Jón Þór íþróttafulltrúi með öllum framboðunum á Akranesi. Á þeim fundum var almennt farið yfir íþróttamál og samskipti ÍA og Akraneskaupstaðar. Eftir kosningarnar var framkvæmdastjórn í miklum samskiptum við Akraneskaupstað, sendi inn formlegt erindi um íþróttastarf á Akranesi og vakti athygli á íþróttamálunum. Fundað var með nýrri bæjarstjórn sem og öðrum fulltrúum bæjarins. Fundað var með framkvæmdasviði Akraneskaupstaðar og farið yfir viðhaldsáætlun bæjarfélagsins á íþróttamannvirkjum. Sigurður Arnar sat formannafund ÍSÍ og starfsfólk ÍSÍ kom í óvissuferð á Skagann. Fundað var með forvarnarhópi FVA þar sem rætt var átak gegn munntóbaki. Í kjölfar bæjarstjórnarfundar ungafólksins í nóvember var ákveðið að bjóða unga fólkinu að eiga áheyrnarfulltrúa í framkvæmdastjórn ÍA og var Daníel Þór Heimisson boðinn velkominn sem áheyrnarfulltrúi unga fólksins. Framkvæmdastjórn ÍA

fundaði einnig með fulltrúum Hvalfjarðarsveitar og annarra íþróttahéraða um aukið samstarf í íþróttamálum. Ráðist var í gerð myndbands sem sýna á þverskurð af íþróttastarfsemi ÍA og hefur Kristinn Gauti Kristinsson veg og vanda af gerð þess. Fyrsta stiklan af myndbandinu var sýnd á kjöri íþróttamanns Akraness á þrettándanum og var vel tekið. Ný framkvæmdastjórn fundaði einnig mikið með fulltrúum aðildarfélaganna og hélt tvo formlega aðalstjórnarfundum með formönnum þeirra. Öllum aðildarfélögum var gefin ÍA fáni og þau hvött til að nota ÍA merkið sem mest og koma fram undir merkjum ÍA.

Fjármál ÍA

Heildartekjur aðildarfélaganna ÍA árið 2014 voru um 300 m.kr. og rekstur þeirra í jafnvægi. Tekjur Íþróttabandalagsins voru um 26,9 m.kr. og hagnaður var á rekstri Íþróttabandalagsins uppá um 6 m.kr. Eignir íþróttahreyfingarinnar eru um 247 m.kr. Eignir Íþróttabandalagsins eru um 61 m.kr. þar af er eignarhluti í Íþróttamiðstöðinni um 24,6 m.kr. Framkvæmdastjórn ÍA ákvað í upphafi árs að greiða aðildarfélögum sínum styrk að upphæð kr. 6 milljónir. Þessir fjármunir eru afrakstur af þrekstarfsemi ÍA sem og skipting á hlutdeild ÍA í Lottó tekjum. Styrkurinn kemur án efa í góðar þarfir í því fjölbreytta íþróttastarfi sem fram fer innan vébanda ÍA. Íþróttabandalag Akraness hvetur Skagamenntil að vera áfram duglegir að sækja líkamsræktina og spila í Lottó og stykja þannig jafnframt íþróttastarf á Akranesi. Upphæðin skiptist samkvæmt sömu forsendum og úthlutun á styrk Akraneskaupstaðar til íþrótt- og tómstundafélaga. Á árinu 2014 voru ekki veittir neindir styrkir úr Minningarsjóði Guðmundar Sveinbjörnssonar. Framkvæmdastjórn ÍA ákvað að færa bankaviðskipti ÍA úr Arionbanka í Mosfellsbæ og uppá Akraness. Ákveðið var að framkvæmdastjórn ÍA væri með viðskipti í báðum bönkunum er starfa í bænum. Að veltureikningur og regluleg viðskipti væru í Íslandsbanka en í Landsbankanum væri svo sparireikningur (varasjóður).



Andlát: Helgi Daníelsson

Helgi Daníelsson, heiðursfélagi ÍA, lést á Sjúkrahúsi Akraness þann 1. maí 2014, 81 árs að aldri. Helgi Dan var alla tíð virkur í íþróttamálum á Akranesi. Hann var markvörður í hinu fræga gullaldarliði Skagamanna og varð Íslandsmeistari þrisvar sinnum. Hann var markvörður íslenska landsliðsins í knattspyrnu 1951 til 1965 og lék 25 landsleiki. Í seinni tíð lét Helgi mikið að sér kveða í ýmsum félagsmálum er tengist íþróttastarfinu eins og t.d. með uppsetningum á sögusýningum, gaf myndir og lét útbúa eintök af fyrsta ÍA merkinu og studdi ötullega við að endurvekja Knattspyrnufélagið Kára, ofl. ofl. ÍA færir Helga innilegar þakkir fyrir fórnfúst starf og góðvild í garð íþróttahreyfingarinnar á Akranesi. Við minnumst hans með hlýju og vottum aðstandendum hans innilega samúð.

70 ára afmæli Bjarnalaugar

Á árinu 2014 fagnði Bjarnalaug 70 ára afmæli og af því tilefni var haldið afmælisboð í Bjarnalaug þann 16. desember og var öllum bæjarbúum boðið að taka þátt. Trausti Gylfason formaður Sundfélags Akraness bauð gesti velkomna og Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri flutti ávarp og fór yfir sögu Bjarnalaugar en það var á Sjömannadaginn árið 1944 sem laugin var afhent fullbúin í sinni fyrstu gerð. Þeir sem stóðu að byggingu laugarinnar voru minningarsjóður Bjarna Ólafssonar, Skipstjórafélagið Hafþór og sjómanna og vélstjóradeild Veralýðsfélags Akraness.



Minningarsjóður Bjarna Ólafssonar var stofnaður árið 1939 í kjölfar slyss sem átti sér stað í febrúar það ár, er fjórir sjómenn drukkuðu nánast við fjöruna við Teigavör þegar alda reið yfir bátinn þeirra. Einn þeirra var Bjarni Ólafsson skipstjóri. Mennirnir voru ósýndir og varð það kveikjan að því að farið var að safna fjármagni til byggingar sundlaugar. Að loknu ávarpi færði Regína Herði Jóhannessyni forstöðumanni íþróttamannvirkja gjafabréf fyrir hönd Akraneskaupstaðar til kaupa á leiktækjum í Bjarnalaug. Sigurður Arnar Sigurðsson formaður ÍA færði Bjarnalaug flaggstöng með tilvísun í þær kvaðir sem voru fyrir gjöfinni til bæjarins og þar næst var myndbandssýning þar sem farið var yfir nokkra þætti í sögu sundlaugarinnar, meðal annars voru Helga Hannessyni sundkennara gerð góð skil.

Lokaorð

Íþróttaárið 2014 var gjöfult og viðburðaríkt. Íþróttabandalag Akraness þakkar öllum sjálfbóðaliðum og starfsmönnum íþróttahreyfingarinnar fyrir ánægjulegt og fórnfúst starf. Við þökkum sömuleiðis öllum velunnurum íþróttahreyfingarinnar á Akranesi og víðar fyrir ómetanlegan stuðning. Horfum bjartsýn til framtíðar og leggjum okkur fram um að starfa áfram af metnaði og þrótti.



Íslands- og/eða bikarmeistarar ÍA 2014

Við eignuðumst þó nokkra Íslands- og/eða bikarmeistara á árinu 2014.

Badminton

Andri Snær Axelsson, einliðaleikur og tvíliðaleikur í U13
 Davíð Örn Harðarson, tvíliðaleikur í U13
 Brynjar Már Ellertsson, tvenndarleikur í U13
 Harpa Kristný Sturlaugsdóttir, tvíliðaleikur í U15
 Steinar Bragi Gunnarsson, tvíliðaleikur í B flokki fullorðina

Blak

Deildarmeistarar í 2. deild.

Fimleikar

Agnes Rós Sveinbjörnsdóttir
 Dawn Edelokun V. Simire
 Elísa Pétursdóttir
 Eyrún Sigþórsdóttir
 Guðrún Julianne Unnarsdóttir
 Sóley Rún Einarisdóttir
 Sunna Pétursdóttir
 Valdís Eva Ingadóttir

Þjótur

Sigurður Smári Kristinsson Íslandsmeistari í boccia

Keila

Matthías Leó Sigurðsson Íslandsmeistari í Íslandsmót með forgjöf
 Jóhanna Ósk Gunnarsdóttir Íslandsmeistari í 2. flokki stúlkna
 Jóhann Ársæll Atlason Íslandsmeistari í 3. flokki pilta

Kraftlyftingar

Einar Örn Guðnason bikarmeistari í kraftlyftingum.
 Lára Bogey Finnbogadóttir Íslandsmeistari í réttstöðulyftu
 Árni Thor Guðmundsson Íslandsmeistari í klassískum kraftlyftingum

Knattspyrna

2. flokkur kvenna bikarmeistari
 3. flokkur karla (b lið) Íslandsmeistarar
 4. flokkur kvenna (b lið) Íslandsmeistarar
 5. flokkur karla (d lið) Íslandsmeistarar

Sund

Ágúst Júlíusson Íslandsmeistari í 50m flugsundi í 50m laug. Íslandsmeistari í 25m laug, þ.e. í 50m og 100m flugsundi.
 Hugi Harðarson og Vignir Barkason Íslandsmeistarar í garpasundi.

Formenn ÍA frá upphafi

2014 - Sigurður Arnar Sigurðsson
 1999 - 2014 Sturlaugur Sturlaugsson
 1992 - 1999 Jón Runólfsson
 1984 - 1992 Magnús Oddsson
 1981 - 1984 Andrés Ólafsson
 1980 - 1981 Svavar Sigurðsson
 1977 - 1980 Þröstur Stefánsson
 1972 - 1977 Ríkharður Jónsson
 1971 - 1972 Óli Örn Ólafsson
 1965 - 1971 Guðmundur Sveinbjörnsson
 1963 - 1965 Lárus Árnason
 1951 - 1963 Guðmundur Sveinbjörnsson
 1949 - 1951 Óðinn S Geirdal
 1948 - 1949 Stefán Bjarnason
 1946 - 1948 Þorgeir Ibsen

Heiðursfélagar ÍA

Sturlaugur Sturlaugsson	2015
Gunnar Sigurðsson	60 ára afmæli ÍA 2006
Guðjón Guðmundsson (læknir)	60 ára afmæli ÍA 2006
Helgi Daníelsson	60 ára afmæli ÍA 2006
Helgi Hannesson	60 ára afmæli ÍA 2006
Magnús Oddsson	60 ára afmæli ÍA 2006
Þorsteinn Þorvaldsson	60 ára afmæli ÍA 2006
Guðjón Finnbogason	50 ára afmæli ÍA 1996
Hallur Gunnlaugsson	50 ára afmæli ÍA 1996
Málfríður Þorvaldsdóttir	70 ára afmæli hennar
Ríkharður Jónsson	60 ára afmæli hans
Þórður Þórðarson	60 ára afmæli hans

70. ársþing ÍA haldið 10. apríl 2014 í Íþróttamiðstöðinni Jaðarsbökkum

Þingsetning

Sturlaugur Sturlaugsson formaður ÍA setti þingið og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna til þings. Hann lagði til að Ellert Ingvarsson yrði þingforseti og að Jón Þór Þórðarson tæki að sér að vera fundarritari. Það var samþykkt einróma. Ellert þakkaði traustið og vonaðist eftir að þingið yrði gott og starfsamt. Hann sagðist hafa gengið úr skugga um að löglega hafi verið til þess boðað. Hann fór síðan yfir dagskrá þingsins og kallaði eftir kjörbréfum.

Kjörbréfanefnd

Þingforseti las upp tillögu um fulltrúa í Kjörbréfanefnd þau: Laufey Sigurðardóttir, Karl Þórðarson og Halldór Fr. Jónsson, var það samþykkt einróma og bað þingforseti Laufeyju að fara fyrir nefndinni og að hún tæki strax til starfa. Nefndin starfaði hratt og örugglega og gerði Laufey formaður kjörbréfanefndar grein fyrir niðurstöðu nefndarinnar. Alls bárust kjörbréf frá 16 af 17 aðildarfélögum ÍA, mættir voru 32 þingfulltrúar af 54. Laufey sagði nefndina hafa farið yfir kjörbréfin og lagði til að þau yrðu samþykkt. Voru þau samþykkt samhljóða.

Skýrsla framkvæmdarstjórnar ÍA

Lögð var fram ársskýrsla ÍA fyrir árið 2013. Í ræðu sinni fór Sturlaugur Sturlaugsson formaður ÍA yfir það helsta í starfi Íþróttahreyfingarinnar á Akranesi á liðnu ári, minntist hann Ólafs Rafnsonar fyrverandi forseta ÍSÍ sem lést á síðasta ári. Þar sem Sturlaugur var að láta af formennsku ÍA eftir að hafa setið í formannssæti frá 1999 þá notaði hann tækifærið og fór yfir það sem honum fannst mikilvægast í starfi Íþróttahreyfingarinnar. Hann þakkaði öllum fyrir got

samstarf í gegnum árin og óskaði nýrri framkvæmdastjórn ÍA velfarnaðar.

Ársreikningar ÍA

Næst gaf þingforseti ÍA Jóni Þór Þórðarsyni Íþróttfulltrúa ÍA orðið til að fara yfir ársreikninga ÍA, Jón Þór gerði grein fyrir ársreikningum Íþróttabandalagsins fyrir árið 2013 og skýrði þar út helstu liði. Hann fór einnig yfir fjárhagsáætlun bandalagsins fyrir árið 2014 og gerði grein fyrir ársreikningum í tengslum við Minningarsjóð Guðmundar Sveinbjörnssonar. Heildarvelta Íþróttahreyfingarinnar á Akranesi á árinu 2013 var rúmlega 342 m.kr og reksturinn í ágætis jafnvægi. Tekjur Íþróttabandalagsins voru um 24,5 m.kr. Eignir Íþróttabandalagsins eru um 54,2 m.kr, þar af eignarhluti í Íþróttamiðstöðinni á Jaðarsbökkum um 23,7 m.kr. Þingforseti þakkaði Jóni Þór fyrir og gaf orðið laust um ársskýrslu og ársreikninga. Fleiri kváðu sér ekki hljóðs undir þessum lið og bar þingforseti því ársskýrslu og ársreikninga upp til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

Ávarp gesta

Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti ÍSÍ ávarpaði þingið, hrósaði hún ÍA fyrir mjög öflugt starf og ábyrgan rekstur. Minntist hún hversu kært Ólafi Rafnssyni þótti að koma á Skagann og var hér vel kunnugur. Óskaði hún ÍA alls hinns besta í framtíðinni.

Lagabreytingar

Jón Þór Þórðarson Íþróttfulltrúi ÍA rifjaði upp að á 69. ársþingi ÍA 2013 voru samþykkt endurskoðuð lög ÍA sem síðan voru send til laganeftdar ÍSÍ til umfjöllunar. Það bárust þrjár athugasemdir frá laganeftdinni með smávægilegar





viðbætur og breytingar á 9, 12 og 13 grein laga ÍA. Jón Þór útskýrði þessar breytingatillögur frá laganefnd ÍSÍ og voru þær síðan samþykktar einróma.

Skattur til ÍA

Þingforseti gat þess að ÍA hefði ekki rukkað aðildarfélag sín um neinn skatt undanfarinn ár og lagði til að svo yrði áfram. Tillaga þess efnis að skattur til ÍA yrði áfram 0 var samþykkt samhljóða.

Kosning framkvæmdarstjórnar ÍA

Þá var komið að því að kjósa í framkvæmdastjórn ÍA. Þingforseti las upp tillögu til formanns og varaformanns þau Sigurð Arnar Sigurðsson og Helgu Sjöfn Jóhannesdóttur sú tillaga var samþykkt með lófaklappi. Tillaga um aðra í framkvæmdastjórn: Sigríður Ragnarsdóttir, Sigurð Elvar Þórólfsson og Bjarka Jóhannesson. Tillaga að varamönnum þau: Brynjar Sigurðsson

Steindóra S. Steinsdóttir. Þessar tillögur voru einnig samþykkt einróma. Tillaga um félagskjörna skoðunarmenn þá: Bergþór Guðmundsson og Kára Stein Reynisson, þeir voru samþykktir einróma. Tilnefning fulltrúa á ÍSÍ þing var vísað til framkvæmdarstjórnar ÍA. Tillaga um stjórn Minningarsjóðs Guðmundar Sveinbjörnssonar þau: Sigurður Arnar Sigurðsson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir og Guðlaug Sverrisdóttir, þessi tillaga var samþykkt einróma.

Önnur mál

Þingforseti gaf orðið laust undir önnur mál og tóku nokkrir þingfulltrúar aðildarfélaganna til máls: Jónína Magnúsdóttir frá Keilufélagi Akraness fór aðeins yfir starfsemi Keilufélagsins og þann athyglisverða árangri sem það hefur verið að ná. Haraldur Ingólfsson frá Knattspyrnufélagi

ÍA ræddi mikilvægi sjálfbóðaliðastarfsins í íþróttahreyfingunni og að mikilvægt væri að ná sjálfbóðahugsuninni til baka. Skafti Steinólfsson frá Umf. Skipaskaga tók undir með Haraldi varðandi sjálfbóðaliðanna og ræddi að bætaþyrfti aðstöðu til íþróttaiðkunar. Sigríður Ragnarsdóttir í framkvæmdastjórn ÍA ræddi skort á aðstöðu sem væri orðin hamlandi í starfinu. Einnig ræddi hún líðan barna í íþróttum og mikilvægi þess að ÍA kæmi sér upp samræmdri aðgerðaáætlun í meðferð eineltismála.

Ávarp frambjóðenda í sveitarstjórnarkosningum á Akranesi.

Fulltrúar þeirra framboðum sem bjóða fram í komandi sveitarstjórnarkosningum fluttu stutt ávarp varðandi þeirra sýn á íþróttamálinn. Til máls tóku: Þórður Guðjónsson fyrir Sjálfstæðisflokkinn, Þröstur Þór Ólafsson fyrir Vinstri Græna, Vilborg Guðbjartsdóttir fyrir Bjarta framtíð, Jóhannes Karl Guðjónsson fyrir Framsóknarflokkinn og Ingibjörg Valdimarsdóttir fyrir Samfylkinguna. Jákvaðni var í þeirra máli gagnvart íþróttastarfinu og Akranesi. Voru þau bjartsýn á að rofa færi til í fjármálum bæjarins þannig að hægt væri að fara að huga að frekari uppbyggingu íþróttamannvirkja og viðhalda betur þeim sem fyrir eru. Töluðu þau að brýnt væri að huga að stefnumótun til framtíðar í íþróttamálum og byggja þá á því góða starfi sem unnið er innan ÍA.

Þingslit

Að lokum þakkaði Sigurður Arnar nýr formaður ÍA öllum fyrir gott þing, kvaddi fráfarandi framkvæmdastjórn með rósum og sleit 70. ársþingi ÍA

Ársskýrslur aðildarfélaganna

Badmintonfélag Akraness

Aðalfundur Badmintonfélags Akraness var haldinn í Íþróttamiðstöðinni að Jaðarsbökkum 22. mars 2014. Á aðalfundinum var ársskýrsla stjórnar og ársreikningar samþykktir. Ein breyting varð á stjórn félagsins frá fyrra ári. Kristín Halldórsdóttir gjaldkeri gaf ekki áfram kost á sér og tók Rannveig Guðmundsdóttir við gjaldkerastöðunni. Ný inni í stjórn kom Rósa Björk Bjarnadóttir til að fylla í skarð Kristínar. Aðrir stjórnarmeðlimir sátu áfram.

Stjórn félagsins :

Stjórn félagsins veturinn 2014-2015 : Formaður : Birgitta Rán Ásgeirsdóttir. Gjaldkeri : Rannveig Guðmundsdóttir. Ritari : Irena Rut Jónsdóttir. Meðstjórnendur : Rósa Björk Bjarnadóttir og Brynja Kolbrún Pétursdóttir. Fjöldi iðkenda hefur aðeins verið að aukast og á síðasta ári, voru um 70-80 iðkendur sem skiptust í 3 flokka, trimmara, stelpuhóp og Miniton námskeið. Ákveðið var að prufa að hafa stelpuhóp þar sem eingöngu stelpum er boðið á æfingar einu sinni í viku auk sunnudaga til að reyna að fá fleiri stelpur inn þar sem 3. flokkur er nánast eingöngu strákar, stelpuhópurinn byrjar rólega en vonandi er þetta góð byrjun í að auka fjölda stelpna í badmintoni. Áfram héldum við Miniton námskeið og gengur það nokkuð vel og eru krakkarnir mjög ánægðir á því námskeiði.

Þjálfarar

Félagið hefur átt miklu láni að fagna undanfarin ár í þjálfaramálum og var engin breyting á því í ár. Helgi Magnússon er enn aðalþjálfari og Helgi Jóhannesson aðstoðarþjálfari, hann sér um þjálfun einu sinni í viku hjá 1. og 2. flokki og sér mikið um höggæfingar. Lítil breyting var á þjálfaramálum í ár en Egill Guðlaugsson hefur verið annar aðstoðarþjálfari en hann menntaði sig í Aalborg Sportshojkskolen að læra badmintonþjálfarann og kom heim í haust og hefur verið dyggur aðstoðarþjálfari síðan. Þriðji aðstoðarþjálfarinn er svo Helgi Grétar Gunnarsson, hann hefur verið að fara að þjálfaranámskeið og staðið sig vel og hefur eftir áramót séð um stelpuæfingarnar.

Viðburðir starfsársins

Badmintonfélag Akraness stóð fyrir þrem opnum badmintonmótum á árinu. Atlamótið var haldið í 27.-28. september 2014 þar sem keppt var í meistara-, A og B flokki fullorðinna, en þar eignaðist ÍA í fyrsta skipti sigurvegara í einliðaleik í meistaraflokki karla, hann Egil Guðlaugsson. Grislingamótið var haldið 11. janúar 2015 fyrir u-11 og

Landsbankamót ÍA sem er unglingamót var haldið 7.-8. febrúar 2015. Öll mótin gengu mjög vel fyrir sig.

Iðkendur félagsins tóku þátt í fjölda annarra móta á árinu, bæði unglinga- og fullorðinsmótum og hafa staðið sig mjög vel. Góður árangur hefur náðst, krakkarnir hafa tekið miklum framförum og unnið til fjölda verðlauna á mótunum. Mikil sátt ríkir um það þó iðkendur vilji aðeins æfa en sleppa keppnum og opnir æfingatímar á sunnudögum hafa verið mjög vel nýttir og ánægjulegt að sjá fólk á öllum aldri spila saman – jafnvel heilu fjölskyldurnar.

Á Meistaramóti Íslands 2014 áttum við einn sigurvegara en Steinar Bragi Gunnarsson varð Íslandsmeistari í tvíliðaleik í B-flokki.

Stærsta badmintonmót ársins, Íslandsmót unglinga, var haldið í TBR 6.-8. mars s.l. Keppendur ÍA stóðu sig öll mjög vel og unnu til fjölda verðlauna. Við eignuðumst 3 Íslandsmeistaratitla og fengum 6 silfurverðlaun. Íslandsmeistarar félagsins eru : María Rún Ellertsdóttir í einliða í U-11, Andri Snær Axelsson sem vann gull í einliða og silfur í tvíliðaleik í U-15, Davíð Örn Harðarson fékk silfur í tvíliða U-15. Harpa Kristný Sturlaugsdóttir vann silfur í tvíliðaleik U-15 og Katla Kristín Ófeigsdóttir vann silfur í tvíliðaleik U-15. Steinar Bragi Gunnarsson vann silfur í einliðaleik og gull í tvíliðaleik í U-17. Elvar Már Sturlaugsson vann silfur í tvíliðaleik í U-17.

Næsta stórmót er Meistaramót Íslands, 11.- 12. apríl n.k. en þar munu allir elstu og bestu keppendur félagsins taka þátt. Síðasta mót ársins er Akranesmeistaramótið í maí, sem lýkur svo með lokahófi félagsins að vanda.

Akranesmót og lokahóf félagsins var haldið 11. maí 2014. Keppt var í einliða í u-11 - u-19 og fullorðinsflokki, tvíliðaleikurinn er svo þannig að það er einn spilari og einn fjölskyldumeðlimur sem spila saman. Gekk mótið mjög vel fyrir sig og voru allir almennt ánægðir með mótið. Veitt voru verðlaun fyrir bestu ástundu, mestu framfarir eldri



og yngri, besta æfingarfélagann og spilara ársins en að þessu sinni var Helgi Grétar Gunnarsson valin sem spilari ársins. Eftir fráfall Súsönnu Steinþórsdóttir í nóvember 2013 ákvað fjölskylda hennar að búa til minningarskjöld í minningu hennar, minningaskjöldurinn er gefin einum úr hópi iðkenda og einum úr hópi foreldra eða annarra sem hefur stutt dyggilega við bakið á krökkunum, hvetja þau til dáða og eru tilbúin að hjálpa félaginu. Þessir tveir aðilar fá litla skildi með nafninu sínu á til eigna og svo fékk félagið stóran skjöld þar sem nöfn þessa einstaklinga verða sett á í framtíðinni. Við þökkum eiginmanni Súsönnu honum Jóni Jóhannssyni og börnum þeirra innilega fyrir þessa rausnarlegu gjöf. Gaman er að segja frá því að Egill G. Guðlaugsson lenti í 2. sæti í kjöri um íþróttamann Akraness og erum við mjög stolt af hans árangri á árinu sem leið.

Landsliðsmál

Eins og undanfarin ár átti félagið marga fulltrúa í landsliðum Íslands og fóru þeir reglulega á æfingar og í ferðir á vegum landsliðsins. Í A-landsliðshópnum er Egill Guðlaugsson og var hann valinn til að taka þátt í EM landsliða sem haldið var hér á landi í nóvember 2014.

Í U-19 Æfingarártakshóp eru : Helgi Grétar Gunnarsson og Daníel Þór Heimisson. Í U17 æfingarártakshóp eru Steinar Bragi Gunnarsson Elvar Már Sturlaugsson, Dalrós Sara Jóhannsdóttir, Úlfheiður Embla Ásgeirsdóttir og Símon Orri Jóhannsson. En Steinar Bragi var valin til að fara með landsliðinu til Belgíu að taka þátt í Victor Jot Junior tournament sem haldið verður í apríl næstkomandi. Í U13 og U15 æfingarártakshópum eru Andri Snær Axelsson, Davíð Örn Harðarson, Brynjar Már Ellertsson, Katrín Eva Einarsdóttir, Katla Kristín Ófeigsdóttir, Harpa Kristný Sturlaugsdóttir.

Evrópuskólinn var haldin í Danmörku 19. - 26. júlí og átti ÍA einn fulltrúa þar sem valin var til að fara fyrir Íslands hönd, hann Steinar Braga Gunnarson. Nordic Camp voru haldnar í Finnlandi 6. - 10. ágúst og valdi landsliðsþjálfari einn fulltrúa frá ÍA, hana Hörpu Kristnýju Sturlaugsdóttur. Sameiginlegar æfingabúðir Færeyja, Grænlands og Íslands í Þórshöfn, Færeyjum 10. – 16. ágúst átti félagið fjóra fulltrúa sem valdir voru til þátttöku af landsliðsþjálfara. Þetta voru þrír spilarar þau Andri Snær Axelsson, Elvar Már Sturlaugsson og Katrín Eva Einarsdóttir. Einnig var og Irena Rut Jónsdóttir valin til að fara út sem þjálfari.

Rekstur félagsins

Almennur rekstur félagsins var rekinn með tapi og er það aðallega vegna kostnaðar við þjálfara. Auk æfingagjalda voru helstu fjáraflanir eldhús- og salernispappírssala og dagatal. Mikilvægt er að allir iðkendur séu duglegir að sinna fjáröflunum því ella þarf að hækka æfingagjöldin sem tekist hefur að halda í lágmarki undanfarin ár. Félagið þakkar kærlega fyrir stuðning Landsbanka Íslands á Akranesi, Akraneskaupstaðar og ÍA sem er félaginu mjög mikilvægur.

Blakfélagið Bresi

Starfsemi blakfélagsins Bresa var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Aðalfundur félagsins var haldinn 19 mars 2014 og var mæting góð.

Stjórn félagsins er þannig skipuð, Ingunn Sveinsdóttir er gjaldkeri, Erna Guðlaugsdóttir er ritari og Jóna Björg Olsen er formaður. Varamenn eru Helena Rut Steinsdóttir og Harpa Sif Þráinnsdóttir. Endurskoðendur eru Ragnheiður Ragnarsdóttir og Eygló Karlsdóttir. Skráðir félagar eru ca26 talsins.

Æfingar

Æfingar hófust eins og vanalega hjá okkur um mánadarmótin ágúst/september og eru tímar bæði fyrir konur og karla. Æfingarnar fara fram eins og undanfarin ár að jaðarsbökkum og eru á mánudögum frá kl 20:30 til 22:00 og á miðvikudögum kl 18:30 til 20:00. Þjálfari félagsins var Sævar Guðmundsson.

Keppni/Íslandsmót

Bresi sendi eitt lið til keppni í 1.deild íslandsmótsins í blaki veturinn 2014 til 2015 og einnig 1 lið í 4. deild. Íslandsmótið er enn í gangi.

Hraðmót.

Tvö lið fóru á Aftureldingarmót 22. feb. Liðið í 1.deild varð í 5.sæti og liðið í 3.deild varð í 7.sæti.

Bresamót

Bresamótið okkar var haldið að Jaðarsbökkum 22. mars 2014. Mótið gekk vel og tóku að þessu sinni þátt 21 kvennalið og 4 karlalið.

Öldungamót

39. Öldungamót BLÍ var haldið á Akureyri 1-3 maí 2014 af KA. í Kópavogi af Blakdeild HK. Frá Bresa fóru þrjú lið að þessu sinni og var árangur eftirfarandi: Liðið í 3.deild endaði í 6.sæti. Eitt lið í 5.deild endaði í 6.sæti. og eitt lið í 14.deild endaði í 6 sæti.



Fimleikafélag Akraness

Frá síðasta aðalfundi skipuðu stjórn félagsins: Sigrún Inga Guðnadóttir formaður, Pálmi Haraldsson varaformaður, Elva Jóna Gylfadóttir gjaldkeri, Júlíana Viðarsdóttir ritari og Sigrún Mjöll Stefánsdóttir meðstjórnandi. Yfirþjálfari fimleikafélagsins er Zoltán Demény sem einnig hefur sinnt öðrum verkefnum í tengslum við starf félagsins sem og innheimtu æfingagjalda.

Rekstur félagsins er í góðu jafnvægi. Tekjur ársins voru 21.975.137 kr. og gjöld 21.448.288. Hagnaður félagsins árið 2014 er 716.233 kr. Helsti styrkaraðili félagsins er Íslandsbanki auk þess sem mikilvægt framlag kom frá Íþróttabandalaginu. Þá fékk félagið styrk frá Akraneskaupstað til kaupa á nýrri loftdýnu sem gerði heil mikið fyrir starfið í vetur. Stjórn félagsins vinnur nú að því að fá fleiri styrktaraðila til liðs við félagið.

Hjá félaginu starfa nú 20 þjálfarar, iðkendur fjölga frá ári til árs og telur heildar fjöldi þeirra rétt tæplega 400, þar af 117 iðkendur í Íþróttaskólanum sem félagið hefur starfrækt um árabil við miklar vinsældir og 72 iðkendur í Parkour sem heldur áfram að sækja í sig veðrið.

Fima átti marga keppnishópa á árinu 2014 sem tóku þátt í nokkrum mótum má þar helst nefna Bikarmót í stökkfimi þar sem félagar úr fima náðu samtals 45 verðlaunasætum, Íslandsmót unglinga, Vormót í Hópfimleikum, Haustmót í hópfimleikum og Íslandsmót í stökkfimi þar sem félagar úr fima náðu samtals 39 verðlaunasætum. Undanfarin ár hefur

félagið svo staðið fyrir glæsilegri vorsýningu, þar sem allir iðkendur taka þátt.

Fima tilnefndi Rögna Dís Sveinbjörnsdóttur fimleikamann ársins 2014. Hún kom aftur til liðs við FIMA sl. Haust eftir að hafa flutt sig til fimleikadeildar Stjörnnar. Það var mikill fengur að fá Rögna aftur til liðs við FIMA enda hæfileikaríkur fimleikamaður sem framkvæmir stökk með miklu erfiðleikagildi, hún er ein af lykilmanneskjum liðsins þegar að keppt er í hópfimleikum og eikur líkurnar á því að topp árangri verði náð. Ragna Dís stundar allar sínar æfingar af miklu kappi og er góð fyrirmynd yngri iðkenda.

Tækjakostur fimleikafélagsins hefur farið mjög batnandi síðustu ár en aðstöðuleysi hamlar félaginu þó gríðarlega í daglegu starfi. Aðsókn í fimleika eykst jafnt og þétt, nú er svo komið að félagið getur ekki tekið við fleiri iðkendum verði ekki einhverjar úrbætur gerðar enda takmarkaður tími sem félagið fær úthlutað til æfinga í Íþróttahúsinu við Vesturgötu, auk þess sem mikil orka og tími fer í uppsetningu og frágang áhalda fyrir og eftir hverja æfingu. Félagsmenn vonast svo sannarlega eftir því að nýtt fimleikahús verði að veruleika fyrr eða síðar, en þangað til er mikilvægt að einhver millibils lausn verði fundin enda bitnar þetta á öllu starfi félagsins hvort heldur sem yngri-flokkar- eða afreksstarfi, auk þess sem töluverðir biðlistar hafa myndast. Við keppni reynist það afreksfólki fima sífellt erfiðara að halda í við keppinauta sína, enda mun takmarkaðari æfingartími hér heldur en gerist og gengur í Íþróttinni.

Að lokum vill stjórn fimleikafélagsins vill þakka iðkendum, þjálfurum, foreldrum og styrktaraðilum gott samstarf á árinu og við horfum björtum augum til framtíðar og vonum svo sannarlega að félagið fái tækifæri til þess að halda áfram að vaxa og dafna.

Golfklúbburinn Leynir

Golfsumarið 2014 var með hefðbundnu sniði og var Garðavöllur í góðu standi heilt yfir þrátt fyrir töluverða vætutið sem tók sinn toll á tímum. Aukning var í skráðum spilðum hringjum 2014 frá árinu áður þegar tillit er tekið til mótahalds.

Valdís Þóra Jónsdóttir hafði í nógu að snúast á árinu og lék í fjölmörgum mótum á sínu fyrsta ári sem atvinnumaður og stóð hún sig með þryði og byggir upp reynslu á stóra sviði atvinnumennskunnar. Karla- og kvennalið Leynis léku í efstu deildum í sveitakeppni GSÍ og urðu þau bæði að setta sig við fall í aðra deild. Ánægjulegt var að sjá mikla framför Axels Fannars Elvarssonar í sumar en síðla sumars náði hann þeir árangri að komast í meistaraflokk. Axel Fannar er 16 ára og á framtíðina fyrir sér með sama áframhaldi.

Rekstur klúbbsins gekk vel og jukust rekstrartekjur um 9% milli ára. Rekstrarniðurstaða klúbbsins er umfram væntingar og stóðst rekstraráætlun í meginráttum, fjármögnun klúbbsins er í góðu horfi og skuldsetning í





sögulegu lágmarki. Árið 2014 var annað ár Guðmundar Sigvaldasonar í stöðu framkvæmdastjóra Leynis og hefur hann haldið um reksturinn af myndugleika. Töluverðar framkvæmdir voru í vélaskemmum og segja má að hún sé nánast fullkláruð. Klúbburinn hóf fjárfestingaáætlun sína í tækjakosti með kaupum á nýrri Toro kargasláttuvél nú á haustmánuðum. Á árinu fékk klúbburinn annan endur-útreikning á láni sínu og voru þau lækkuð um rúmar 6,6 milljónir í þeirri aðgerð.

Aðalfundur 3. desember 2013

Á aðalfundi GL þann 3. desember 2013 var kosin ný stjórn fyrir starfsárið 2014.

Úr stjórn gengu : Formaður til eins árs: Þórður Emil Ólafsson. Stjórnarmenn til tveggja ára: Eiríkur Jónsson og Hannes Marinó Ellertsson. Varamaður til eins árs: Ella María Gunnarsdóttir

Kosnir í nýja stjórn fyrir starfsárið 2013 voru: Formaður til eins árs: Þórður Emil Ólafsson. Stjórnarmenn til tveggja ára: Eiríkur Jónsson og Hannes Marinó Ellertsson. Varamaður í stjórn til eins árs: Ella María Gunnarsdóttir. Áfram sátu Tryggvi Bjarnason og Hörður Kári Jóhannesson, kosnir til 2 ára. Aðalfundur fór fram með hefðbundnum hætti.

Starf stjórnar á árinu

Haldnir voru 11 formlegir bókfærðir fundir stjórnar GL og þar að auki fjöldi óformlegra funda og samtala stjórnarmanna á milli. Eins eru tölvupóstsendingar mikið notaðar til skrafs og ráðagerða. Á vormánuðum var gengið frá samstarfssamningi við Einar Lyng golfkennara um að hann myndi sjá um golfþjálfun okkar kyflinga með áherslu á afreks, barna og unglingastarf. Almenn ánægja hefur verið með störf Einars á árinu og vonast stjórn eftir áframhaldandi góðu samstarfi. Framkvæmdir við vélaskemmu héldu

áfram síðastliðinn vetur og fram á vorið og er nú svo komið að skemman er orðin nokkurn veginn fullbúinn. Stjórn tók endanlega ákvörðun um að halda Íslandsmót í högggleik á afmælisárinu 2015 og verður það án efa stóra verkefnið á því ári. Fjárfest var í tölvubúnaði sem er um leið sveiflugeiningartæki fyrir golfkennslu og getur nýst sem sem golfhermir í vélaskemmum yfir vetrarmánuðina. Er það von stjórnar að þetta tæki þetta verði vel nýtt og hafi einnig áhrif til góðs varðandi félagsandann þegar félagsmenn geta nýtt sér golfherminn. Stjórn og framkvæmdastjóri fóru þess á leit við vallarnefnd og Brynjar Sæmundsson að unnin yrðu framkvæmdaáætlun fyrir Garðavöll og áætlun um endurnýjun tækjakosts. Guðmundur framkvæmdastjóri vann náðið með þeim í gerð þessara áætla. Báðar áætlanirnar voru samþykktar af stjórn og ná þær báðar fram til ársins 2018. Unnið er eftir báðum áætlunum og varðandi framhaldið á því mun framtíðar rekstrarafkoma klúbbsins og mögulegir samningar við Akraneskaupstað ráða úrslitum um hvernig til tekst að halda þær áætlanir.

Nú er lokið þessu rekstrarári Leynis stjórn GL er mjög ánægð með að rekstraráætlun sem lagt var upp með á aðalfundi 2013 stóðst án mikilla frávíka og ber að þakka Guðmundi Sigvaldasyni framkvæmdastjóra fyrir árangurinn og góð störf á árinu. Ennfremur ber að þakka félagsmönnum sem tóku virkan þátt í starfsemi klúbbsins með mjög svo óeigingjörnu sjálfbóðaliðastarfi. Golfklúbburinn Leynir er öfundsverður af jafn öflugum hópi félagsmanna.

Störf nefnda

Nefndastarf var með hefðbundnum hætti starfsárið 2014. Starfandi nefndir voru barna- og unglinganefnd, kvennanefnd, vallarnefnd, forgjafanefnd, aganefnd, öldunganefnd karla og mótanefnd. Nánar er fjallað um starfsemi hverrar nefndar í hjálögðum skýrslum.

Keppnisgolf og afreksfólk

Valdís Þóra Jónsdóttir gerðist atvinnumaður á haustmánuðum 2013 og tók þátt í úrtökumóti fyrir Evrópu mótarið kvenna í Marokkó í desember 2013. Valdís Þóra stóð sig með þryði en náði ekki þeim lágmarki sem til þurfti en fékk eigi að síður keppnisrétt á LET Access Series mótaröðinni sem er hliðarmótaröð við Evrópumótaröð kvenna. Valdís Þóra spilaði í 8 mótum og var árangurinn ágætur og stefnir hún ótrauð áfram og mun reyna aftur við úrtökumótið sem haldið verður nú í desember í Marokkó á svipuðum slóðum. Valdís Þóra tók þátt í Íslandsmótinu í högggleik og endaði í þriðja sæti og endaði sem sigurvegari á stigamóti GSÍ sem fram fór á Garðavelli um miðjan ágúst 2014. Sindri Snær Alfreðsson tók sömuleiðs þátt í stigamótum GSÍ og stóð sig með ágætum.

Barna- og unglingastarf GL var með um 8-10 virka iðkendur í afreksefnastarfinu. Tóku iðkendur GL þátt í hinum ýmsu mótum á vegum GSÍ s.s. Eimskipsmótaröðinni, Íslandsbankamótaröðinni, Áskorendamótaröðinni, Íslandsmóti í högggleik, Íslandsmóti í holukeppni og sveitakeppni unglinga. Var árangur með ágætum þegar á heildina er litið. GL sendi sveit karla og kvenna til leiks í Sveitakeppni GSÍ. Karlarnir léku í 1. deild sem fram fór á

Hólmssvelli í Leiru og féll sveitin niður í 2.deild. Konurnar léku í 1. deild í Mosfellsbæ og urðu hlutskipti þeirra þau sömu og karlasveitarinnar eða fall í 2. deild.

Leynir sendi karlasveit öldunga til þátttöku í sveitakeppni 55 ára og eldri en keppt var í Vestmanneyjum. Sveitinni gekk mjög vel og endaði í 3. sæti keppinnar.

Félagafjöldi

Félagsmönnum í GL fækkaði á árinu 2014 úr 405 í um 390. Golfklúbburinn Leynir er 11. stærsti klúbbur landsins miðað við félagafjölda samkvæmt upplýsingum GSÍ. Á Vesturlandi eru 9 klúbbar og er GL stærsti klúbbur Vesturlands með rúmlega þriðjung félagsmanna skráða innan sinna vébanda. Alls eru 65 klúbbar skráðir á landinu og heildar fjöldi skráðra félaga innan vébanda GSÍ eru rúmlega 16.000. Fjórir stærstu klúbbar landsins hafa frá rúmum 1.100 félagsmönnum og upp í tæplega 3.000, þar sem GR er stærsti klúbbur landsins. Skipting félagsmanna niður í aldurshópa er nokkuð í takt við aldursskiptingu kylfinga á landsvísu, þó eru heldur færri kylfingar 51 árs og eldri innraða GL heldur en á landsvísu. Fjölgun var í aldurshópnum frá 30 upp í 70 ára. Að sama skapi er áhyggjuefni að félagsmönnum undir 20 ára fækkar milli ára sem skoða þarf nánar til framtíðar.

Mótahald

Mótahald gekk mjög vel sumarið 2014 og var starf mótanefndar þetta árið sem hingað til, til mikillar fyrirmyndar. Fjöldi móta í sumar voru 50 og voru mótin vel sótt af félagsmönnum og öðrum gestum en mótin sóttu um 2.550 manns og var það aukning um 8,5% milli ára þrátt fyrir að veðurfar hafi ekki verið kylfingum hagstætt. Mótahaldið var fjölbreytt blanda af innanfélagsmótum, barna- og unglingamótum, kvennamótum og opnum mótum ásamt mótahaldi í tengslum við mótraraðir GSÍ og LEK.

Meistaramót Leynis var haldið dagana 7. – 12.júlí. Þátttakan var góð og tóku um 100 félagsmenn þátt ásamt fjölda barna og unglinga í meistaramóti yngri kylfinga. Lokahóf mótsins var síðan haldið í sal eldri borgara við Kirkjubraut og bornar voru fram veitingar frá Galito.

Klúbbmeistarar urðu eftirfarandi:

Meistaraflokkur karla

1. Stefán Orri Ólafsson, 314 högg
2. Sindri Snær Alfreðsson, 321 högg
3. Kristján Kristjánsson, 323 högg

1. flokkur karla

1. Rósant Freyr Birgisson, 323 högg
2. Alexander Högnason, 324 högg
3. Friðrik Berg Sigþórsson, 325 högg

2. flokkur karla

1. Aron Máni Alfreðsson, 349 högg
2. Kristinn Jóhann Hjartarsson, 352 högg
3. Bjarki Georgsson, 355 högg

3. flokkur karla

1. Lárus Hjaltested, 391 högg
2. Jónas Benóný Guðmarsson, 399 högg
3. Alfreð Þór Alfreðsson, 401 högg

4. flokkur karla

1. Allan Freyr Vilhjálmsson, 423 högg



2. Viðar Þór Hreggviðsson, 429 högg

3. Bjarni Þór Ólafsson, 434 högg

Karlar 55+

1. Björn Bergmann Þórhallsson, 253 högg

2. Jón Elís Pétursson, 263 högg

3. Tryggvi Bjarnason, 273 högg

Karlar 70+

1. Alfreð Viktorsson, 262 högg

2. Jóhannes Karl Engilbertsson, 297 högg

3. Halldór Friðgeir Jónsson, 302 högg

1. flokkur kvenna

1. Elín Dröfn Valsdóttir, 376 högg

2. flokkur kvenna

1. Ella María Gunnarsdóttir, 404 högg

2. Bryndís Rósa Jónsdóttir, 417 högg

3. Sandra Björg Axelsdóttir, 425 högg

3. flokkur kvenna

1. Ingibjörg Stefánsdóttir, 469 högg

2. Berglind Helgadóttir, 498 högg

3. Soffía Margrét Pétursdóttir, 502 högg

Konur 50+

1. Ingunn Þóra Ríkhardsdóttir, 308 högg

2. Þórunn Halldórsdóttir, 319 högg

3. Svanhildur Thorstensen, 322 högg

15 ára og yngri

1. Björn Viktor Viktorsson, 278 högg

2. Atli Teitur Brynjarsson, 280 högg

3. Ísak Örn Elvarsson, 288 högg

12 ára og yngri (rauðir teigar Garðavelli)

1. Ægir Sölvi Egilsson

2. Jón Karl Kristján Traustason

3. Þorgeir Örn Bjarkason

12 ára og yngri (grænir teigar Garðavelli)

1. Kári Kristvinsson

2. Ellert Lár Hannesson

3. Óskar Gísli Búason

Stelpur (grænir teigar Garðavelli)

1. Bára Valdís Ármannsdóttir

2. Anna Þóra Hannesdóttir

3. Hekla María Arnardóttir

Litli Garðavöllur

1. Gísli Stefán Gíslason
2. Arnar Gunnarsson
3. Jóhannes Már Daníelsson

Mótahaldið í sumar þótti takast afar vel í alla staði og á mótanefnd miklar þakkir skilið fyrir frábærlega vel unnin störf í sumar.

Framkvæmdir á árinu 2014

Töluvert var um smærri framkvæmdir á Garðavelli á árinu. Haldnir voru 3 almennir vinnudagar þar sem félagsmenn komu og tóku til hendinni. Tjarnir og skurðir voru hreinsaðir, forflöt 7.brautar var lagfærð vegna mikillar bleytusöfnunar. Einnig var unnið í dreni á 4.braut, og stígar voru lagfærðir á 14. og 17. braut. Mikil vinna var unnin að vanda við hreinsun, grisjun og nýrækt trágróðurs og höfðu Reynir Þorsteinsson og Guðjón Viðar Guðjónsson með þá vinnu að gera. Fyrir þá óeigingjörnu vinnu ber að þakka.

Rekstrarniðurstaða

Rekstrarniðurstaða Leynis er sterk og er umfangrekstrarins orðið töluvert breytt frá fyrri árum. Rekstrartekjur jukust um 9% og rekstrargjöld um 31%. Rekstrarafkoma klúbbsins var með ágætum eftir rekstrarárið og var rekstrarhagnaður uppá rúmar 5,2 milljónir króna. Rekstrartekjur voru 72,5 milljónir króna eða 5% umfram áætlun. Rekstrargjöld voru hins vegar 67,2 milljónir króna eða 3% umfram áætlun. Þegar heildar niðurstaða ársins 2014 er skoðuð þá er reiknaður hagnaður ársins 9,2 milljónir króna. Efnahagur klúbbsins er í góðu jafnvægi við lok þessa rekstrarárs og stendur langtímalán klúbbsins nú í tæpum 6 milljónum króna og eru um 3 ár eftir af því láni. Á móti stendur handbært fé klúbbsins í 10,9 milljón krónum á sama tíma. Það sem skýrir þennan hagnað er að á árinu var höfuðstóll lánsins leiðréttur í ljósi dómafordæma og lækkaði höfuðstóllinn um 6,6 milljónir. Staða klúbbsins eftir rekstrarárið 2014 er sterk, bæði hvað varðar rekstrarfarsendur sem og efnahag. Áfram sem hingað til er það stefna stjórnar að klúbburinn sé rekinn af varfærni, gerð fimm ára áætlana varðandi framkvæmdir og endurnýjun tækjakosts mun hjálpa til við að fanga það viðfangsefni sem rekstur klúbbsins er. Hvernig gengur að framfylgja þeim áætlunum byggist svo á tekjuhlíð klúbbsins. Þátttaka félagsmanna í framkvæmdum og rekstri klúbbsins hefur sparað klúbbnum mikil útgjöld og haft mikil áhrif á að afkoman er jákvæð.

Starfsmannamál

Starfsmenn GL á árinu 2014 voru samtals 18 þegar mest lét frá vori til hausts með mismikið vinnuhlutfall. Guðmundur Sigvaldason framkvæmdarstjóri er eini launþegi á heils árs grundvelli. Einar Lyng íþróttatjóri og golfkennari er í hlutastarfi og launþegi klúbbsins. Einar Lyng hefur umsjón með barna- og unglingastarfinu innan klúbbsins og bindur stjórn GL vonir við störf hans. Einnig störfuðu við völlinn hópur unglinga úr unglingavinnu Akraneskaupstaðar eins og verið hefur undanfarin ár. Grastec, félag í eigu Brynjars Sæmundssonar, sá um faglega umsjón umhirðu Garðavallar og framkvæmda við hann eins og 2013 og hefur þetta samstarf reynst klúbbnum afar farsælt.

Veitingasala

GL rak veitingasöluna eins og sumarið 2013. Kristín Magnúsdóttir sá um veitingasöluna af sama myndarbrag og sumarið 2013. Auk Kristínar aðstoðuðu hana þrjár stúlkur við að gera þjónustuna sem besta. Vel tókst til með rekstur veitingasölnnar og almenn ánægja var með þjónustuna og vöruframboðið.

Samningar við aðra golfklúbba

GL gerði í sumar vinavallasamninga við valda golfklúbba sem félagsmenn gátu nýtt sér á ferðum sínum um landið. Fjölgun vinavallasamninga varð milli ára 2013 og 2014. Vinavallasamningar eru hugsaðir sem góð viðbót og ábati við það árgjald sem félagar greiða og innhéldu samningarnir afslætti af vallargjöldum. Samstarf var við eftirtalda klúbba: GKJ, GB, GJÓ, GVG, GMS, GGB, GHG, GOS, GHR, GV, GG, GSG, GA, GHD OG GBR.

Umferð um Garðavöll

Aukning varð í skráðum hringjum milli ára en í sumar léku 18.200 kylfingar Garðavöll. Skráning miðast við maí til loka september. Leiknir voru 15.650 hringir skv. skráðum rástímum og 2.550 mótahringir. Samtals gerir þetta um 18.200 hringi. Rekja má ástæðu þessarar aukningar m.a. til ánægju kylfinga almennt með völlinn og hversu vel hann var sóttur þegar veðurfarið var kylfingum hagstætt ásamt því að völlurinn opnaði nú tæpum 2 vikum fyrr en vorið 2013. Það er virkilega gaman að sjá hvað margir félagsmenn voru duglegir að spila Garðavöll og ekki síður ef tölurnar eru settar í samhengi við veðurfar sem var kylfingum frekar óhagstætt í sumar.

Samskipti við Akraneskaupstað

GL átti gott samstarf við Akraneskaupstað á árinu eins og undanfarin ár. Sá stuðningur sem Akraneskaupstaður hefur veitt klúbbnum í gegnum tíðina er gríðarlega mikilvægur fyrir klúbbinn til frambúðar.

Styrktaraðilar

Rekstur golfklúbbs er mikið og stórt verkefni og án dyggra félagsmanna, stuðningsaðila og stuðnings velgjörðaaðila væri reksturinn erfiður í alla staði. Aðal styrktaraðili klúbbsins líkt og undanfarin ár er Akraneskaupstaður og hefur GL treyst á aðkomu hans að rekstri klúbbsins og Garðavallar sem og þátttöku í ýmsum framkvæmdum s.s nýrri vélaskemmu og minni viðhaldsverkefnum á vellinum. Almennur rekstur klúbbsins hefur notið góðs af góðum styrktaraðilum og ber þar fyrst að nefna Norðurál sem er einn af helstu styrktaraðilum klúbbsins en skorkort, teigmerki, fánar á flötum og brautarskilti er merkt fyrirtækinu. Landsbankinn er líkt og undanfarin ár einn af helstu styrktaraðilum klúbbsins og styrkir mótahald félagsmanna, opið mót og er aðal styrktaraðili barna og unglingastarfsins en aðrir aðilar eins og Íslandsbanki leggja einnig til fjármagn í tengslum við barna og unglingastarfið. Aðrir megin styrktaraðilar sem að starfinu koma eru fjölmargir samanber eftirfarandi upptalningu: Bernhard, Sjóvá, Húsasmíðjan, Byko, N1, Síminn, Termaehf, Kjaran,

Ölgerðin, HBGrandi, Samhentir/Vörumerking, Reykjavell, Ískraft, SmithogNorland, TM(Tryggingamiðstöðin), Icelandair Hotels, Toyota, Jötunn, Hótel Stykkishólmur, Bílver, GrasTec, Verkalýðsfélag Akranes, Verslunin Bjarg Úra- og skartgripaverslun Guðmundar B.Hannah, Omnis, Topp Útlit, Prentmet, Mannvit, BM Vallá, Rafþjónusta Sigurdórs, Markstofa, @home, Bíóhöllin Akranesi, Verslun Einars Ólafssonar, Skóflan, BÓB vinnuvélar, Galito, Fjölbautaskóli Vesturlands. Einnig eru ótaldir fjölmargir smærri styrktaraðilar og velunnarar Golfklúbbsins Leynis sem styðja við starfið á einn eða annan máta. Stjórn GL vill ítreka sínar þakkir við þann stuðning sem þessir aðilar og fjölmargir aðrir hafa veitt klúbbum á árinu og undanfarin ár.

Lokaorð

49. rekstrarári golfklúbbsins Leynis er nú lokið. Það nýja tímabil sem hófst á árinu 2013 gekk áfram vel á árinu 2014. Þrátt fyrir að veðráttu hafi verið risjótt annað sumarið í röð er óhætt að segja að árið hafi verið gott hjá Golfklúbbum Leyni í marga staði, rekstrarniðurstaða góð, efnahagur klúbbsins í góðu jafnvægi og félagsstarfið í miklum blóma. Við í stjórn GL viljum skapa þannig umgjörð og aðstöðu að Golfklúbburinn Leynir blómstri áfram og félagsmenn fái notið sem best þeirra lífsgæða sem í golfi felast. Í þessu ljósi eru neðangreind atriði sett fram á nýjan leik, atriði sem tekin eru úr samþykktum þeim er GSÍ vinnur eftir.

Golf er lífsgæði

Golf er íþrótt sem sameinar útivist, heilbrigði, félagsskap og fjölskylduna. Golfíþróttin er heilsubætandi og hefur jákvæð samfélagsáhrif. Hvernig getur GL stuðlað að því að vinna að þeim markmiðum sem felast í stefnu þeirri er samþykkt var á Golfþingi GSÍ?

Stjórn GL hefur lagt áherslu á öflugt félagsstarf og hefur það félagsstarf helst kristallast í öflugu sjálboðaliðastarfi. Ennfremur hefur stjórn rætt um hugmyndir að efla ennfremur það góða starf sem hefur verið í kringum kvennastarf klúbbsins ásamt því að efla og fjölga þátttakendum af yngstu kynslóðinni í starfinu, sem jú er framtíðarauður GL. Í þessu ljósi hefur stjórn tekið ákvörðun um að lækka árgjöld barna og unglinga þannig að fleiri eigi kost á því að stunda og kynna íþróttinni okkar betur. Í dag munu tveir stjórnarmenn hverfa á brott, Tryggvi Bjarnason og Ella María Gunnarsdóttir, sem unnið hafa öflugt starf innan GL og ber að þakka þeim fyrir þeirra störf. Í þeirra stað eru í framboði til stjórna Berglind Helgadóttir og Ingibjörg Stefánsdóttir, með kosningu þeirra í stjórn er hlutfall kvenna og karla í stjórn bætt. Með nýjum stjórnarmönnum og konum munu án efa koma ferskir vindar í stjórn klúbbsins og ennfremur er þess vænst að með þeim þátttöku þeirra verði einnig byggt ofan á það öfluga kvennastarf sem verið hefur við líði í GL.

Staða GL er sterk bæði félagslega sem og efnahagslega, GL hefur á að skipa öflugu liði félagsmanna sem boðnir eru og búnir til þess að leggja hönd á plóg. Skuldastaða klúbbsins hefur ekki verið lægri um áraraðir, sjóðsstaða er sterk og er það gott veganesti til þess að takast á við verkefni kom-

andi ára. Möркуð hefur verið stefna til 2018 varðandi framkvæmdir á vellinum með það að markmiði að koma honum í endanlegt horf. Einnig hefur samhliða verið gerð áætlun um endurnýjun tækjakosts klúbbsins. Byggt á þessum áætlunum mun stjórn vinna áfram ásamt því að halda áfram að stuðla að sterkum félagsanda í klúbbum.

Öflugt félagsstarf er mikilvægt fyrir klubb eins og okkar og eykur það ánægju félagsmanna við ástundun íþróttarinnar. Félagsstarfið er borið uppi af félagsmönnum, áhuga og framlagi þeirra til starfsins. Stjórn GL vill sérstaklega þakka því fólki sem komið hefur að skipulagningu á félagsstarfinu, það vinnuframlag sem innt er af hendi er ómetanlegt til þess að gera félagsstarfið blómlegt og ánægjulegt. Mikið og gott starf nefnda á vegum GL og þeirra félaga sem í þeim starfa er gífurlega mikilvægt og skal það haft í hávegum í klúbbi eins og GL. Eins og tíundað hefur verið er það milljóna virði fyrir klubb eins og okkar að hafa svo öfluga félagsmenn. Framundan er spennandi ár í sögu klúbbsins, á komandi ári verður klúbburinn 50 ára og mun ýmislegt bera á góma í starfi klúbbsins í tilefni að þeim tímamótum. Klúbbum hefur einnig verið úthlutað að halda Íslandsmót í högguleik á vegum GSÍ sem er án efa stærsti golfviðburður á Íslandi ár hvert og mun allt verða gert til þess að það mót verði vel heppnað og Garðavöllur skarti sínu fegursta þegar að mótinu kemur og á 50 ára afmælisári sínu. Stjórn GL vil að lokum þakka félögum, nefndarmönnum, styrktaraðilum og starfsfólki fyrir framúrskarandi aðkomu að starfinu og umfram allt gott samstarf á rekstrarárinu 2014.

Hestamannafélagið Dreyri

Stjórn hestamannafélagsins, s.l. starfsár:

Formaður: Stefán G. Ármannsson. Varaformaður: Valdimar Ólafsson. Ritari: Kristín Frímannsdóttir. Gjaldkeri: Sigurður Már Gunnarsson. Meðstjórnanndi: Sigurður Ólafsson. Varamenn: Samúel Þorsteinsson og Sigurður G. Sigurðsson

Félagsmenn í hestamannafélaginu Dreyra eru 238 og hefur fjölgað um 11 frá síðasta aðalfundi.

Stjórnin fundaði 7 sinnum formlega en þar fyrir utan voru ótal mál rædd í gegnum tölvu og síma. Nokkrir fundir voru haldnir með nefndum félagsins vegna ýmissa mála. Stjórn hefur einnig verið í samskiptum og á fundum með bæjar-yfirvöldum á Akranesi vegna ýmissa mála, svo og við Vegagerðina, við Hvalfjarðarsveit vegna skipulagsmála er tengjast reiðvegagerð og að ótöldum ýmisskonar samskiptum við önnur hestamannafélög t.d á Vesturlandi.

Stjórnarstarfið hefur gengið vel og kjörnir varamann verið boðaðir á fundi til að efla starfið frekar og virkja hvert mannafl.

Vetrarstarfið byrjaði strax í janúar með skipulögðum námskeiðum og kynningarfundum hjá æskulýðsnefnd og fræðslunefnd. Síðan rak hver viðburðurinn annan fram á vor s.s laugardagsreiðtúrar, reiðnámskeið, vetrarmót, Sumarfagnaði, kynjareið og hin árlega Langasandreið á sumardaginn fyrsta, Laxárbakkareið og fleira.



Á síðasta aðalfundi veitti félagið eftir farandi viðurkenn-
ingar

Ræktunar bú 2013 Einhamar 2

Knapi ársins Jakob Svavar Sigurðsson sem jafnframt er
íþrótta maður Akranes

Knapi Yngri Flokka Svandís Lilja Stefánsdóttir

Viðurkenning fyrir miklar framfarir Hlýtur Arnar Hugi
Sigurðsson

Viðurkenning fyrir vel unnin störf í þágu félagsins í gegn-
um árin Svandís Guðrún Stefánsdóttir

Æskulýðsmál:

Um páskana var haldið árlegt páskasprell, þar sem börnin
mættu í búningum, skreyttu hestana og gerðu þrautir. Að
launum fengu allir veglegt páskaegg.

6 börn og unglingar tóku þátt í Vesturlandssýningunni í
reiðhöllinni í Borgarnesi, í sameiginlegum atriðum hesta-
mannafélganna í fjórðungnum.

Í júní stóð Æskulýðsnefndin fyrir undirbúnings nám-
skeiði fyrir þáttakendur á landsmóti 2014.

Dreyri var aðili að undirbúningi Vesturlandssýningar
sem var haldin í reiðhöllinni Faxaborg 29.mars, ásamt
Faxa í Borgarfirði, Skugga í Borgarnesi, Snæfellingi á
Snæfellsnesi og Glaði

Dölum og Hrossaræktarsamband Vesturlands. Fulltrúi
Dreyra í undirbúnings starfinu var Valdimar M.Ólafsson og
færum við honum þakkar fyrir sitt framlag. Vesturlandssýning
verður aftur haldin á þessu ári (28.03.2015) og vonar stjórn
Dreyra að félagar sínir verði duglegir við undirbúning og
sérstaklega er vonast eftir börnum og unglingum Dreyra á
þá sýningu.

Dagana 10- 14 apríl fóru nokkrir aðilar frá aðildarfélög-
um ÍA þar á meðal Valdimar Ólafsson, Hestamannafélaginu
Dreyra ásamt Wioletta Taroni í ferð til Starogard í Póllandi.
Ferðin var farin í þeim tilgangi að greina möguleika þess
að nokkur aðildarfélög ÍA gætu sótt um styrk ásamt íþrótta-
bandalagið Beniaminak í Starogard. Sjóðirnir sem ætlunin
er að sækja um í eru Erasmus+ styrkur Evrópusambandsins
og Citicens for Democracy í Póllandi sem er sjóður sem er
m.a. styrkur af Evrópska efnahagssambandinu (EEA).

Fyrsti dagurinn var nýttur í að skoða aðstöðu íþrótta-
bandalagið Beniaminek ásamt að hitta nokkra þjálfara.
Íþróttabandalagið hefur fótbolta, hestaíþróttir, tennis, borð-
tennis, bridge, Hnefaleika og Kickboxing innan sinna
vébanda.

Firmakeppnin var að venju á sínum stað þann 1. maí.
Ágæt þátttaka var í keppninni í flestum flokkum. Fyrirtæki
og einstaklingar styrktu félagið með nokkuð góðu móti, en
öllum þeim sem styrktu félagið og aðstoðuðu á annan hátt,
t.d með köku- og tertuframlagi, eru færðar bestu þakkar
fyrir.

Úrslit urðu sem hér segir:

Pollaflokkur.

8 glæsilegir knapar í pollaflokki tóku þátt með aðstoð-
arfólki sínu sem teymdu undir. Öll fengu þau verðlaun fyrir
þátttökuna. Þessir framtíðarknapar eru:

Emelía Dögg Káradóttir og Ósk frá Lýsadal, 19v.
Leirljós

Ingibergur Hjálmarsson Farsæll f. Akranesi 11v.
Dökkjarpur

Matthildur Svana Stefánsdóttir Vestra 10v. Rauðskjóttur

Arnar Freyr Brynjarsson Skíma f. Akranesi 8v.
Brúnstjörnnótt.

Tinna Björg Brynjarsdóttir Vorboði f. Akranesi 13v.
Leirljós.

Hrefna Rún Sigurðardóttir Þyrnirós f. Eiðisvatni 13v.
Rauðstj

Þorgerður A. Guðmundsdóttir og Ósk frá Lýsuhól 19 v.
Leirljós.

Kristin Ólína Guðbjartsdóttir og Svanur frá Skipanesi.

Barnaflókkur:

Fyrirtæki sem styrkti / nafn keppenda.

1. Skagaverk/ Anna Sigurbjörg Elíasdóttir, Dögg frá
Neðra-Skarði, 11v. Leirljós

2. BÓB-vinnuvélar / Unndís Ída Ingvarsdóttir, Djákni frá
Kirkjubæ, 20 v rauðblesóttur.

3. Morgungjafir Röggú Helga. / Birkir Atli Brynjarsson,
Akranesi 13v. Leirljós

Unglingar:

1. Vélaleiga Halldórs Sigurssonar /Logi Örn Axel
Ingvarsson, Blær f. Sólvöllum 9v. Jarpur

2. B.S – verktakar / Telma Björk Jónsdóttir, Hringur f.
Akranesi 7v. Brúnblesóttur

3. Eiðisvatn / Sara Katrín Benediksdóttir, Börkur f.
Einhamri, 10v. brúnstj.

Karlaflokkur:

1. Sláturfélag Suðurlands / Benedikt Þór Stefánsson,
Kotur frá Kirkjuskógi, 7v brúnn

2. Jón Eggertsson Eyri/ Ingibergur Jónsson, Bára frá
Efrihrepp, 6v, rauðstjörnnótt

3. Systkinin Skipanesi / Smári Njálsson, Mirra frá
Akranesi 6. V jörp

Kvennaflokkur

1. Runólfur Hallfreðsson / Svandís Lilja Stefánsdóttir,
Arnar frá Skipanesi, 5 v. Brúnn

2. Bílaverkstæði Hjalt / Sigurveig Stefánsdóttir, Lykill f.
Skipaskaga 7v. Jarpur

3. Jón Valgeir Viggósson / Ulrika Ramudt, Dáð f. Akranesi 7v. Brún

Úrtaka fyrir Landsmót var haldin sameiginlega af hestamannafélögunum á Vesturlandi 14.06 á félagssvæði Skugga í Borgarnesi. Fulltrúar Dreyra eru :

A-flokkur:

1. Ægir frá Efri-hrepp Knapi Jakob Svavar Sigurðsson
2. Prins frá Skipanesi, knapi Svandís Lilja Stefánsdóttir einkunn

Varahestur :

Vilborg frá Melkoti Knapi Sigurður Vignir Matthíasson B-flokkur:

1. Arna frá Skipaskaga Knapi Logi Þór Laxdal
2. Smyrill frá Skálakoti Knapi Agnes Hekla Árnadóttir

Varahestur:
Baron frá Skipanesi Knapi Guðbjartur Þór Stefánsson Ungmennaflokkur :

1. Svandís Lilja Stefánsdóttir og Brjánn frá Eystra - Súlunesi

2. Stefán Logi Grímsson og Tígull frá Köldukinn Unglingaflokkur :

1. Kristine B. Jørgensen og Orfeus frá Vestri – Leirárgörðum.

2. Viktoría Gunnarsdóttir og Faxi frá Akranesi

Gæðingakeppni var haldin 31.05.2013 í Æðarodda og urðu niðurstöður þessar:

A – flokkur:

1. Prins frá Skipanesi knapi Svandís Lilja Stefánsdóttir
2. Dáð frá Akranesi knapi Ulrika Ramudt
3. Taktur frá Fremri – fitjum knapi Ólafur Guðmundsson

B – flokkur :

1. Hlynur frá Einhamri 2 knapi Ólafur Guðmundsson
2. Baron frá Skipanesi knapi Guðbjartur Þór Stefánsson
3. Míra frá Akranesi knapi Snorri Elmarsson

Ungmennaflokkur :

1. Svandís Lilja og Brjánn frá Eystra - Súlunesi

Auk þess var Svandís Lilja Stefánsdóttir valin knapi mótsins, Brjánn frá Eystra Súlunesi valin, glæsilegasti hesturinn og Dáð frá Akranesi var hæst dæmda hryssan.

Landsmót Hestamanna :

Dreyra félagar stóðu sig með miklum ágætum á landsmótinu þá engin félagi hafi komist í úrslit í gæðingakeppni eða yngriflokkum í þetta skiptið en félagsmenn áttu félagsmenn okkar býsnin öll af kynbótahrossum á mótinu sem stóðu sig mjög vel. s.s. Sif og Hjörleifur Einhamri 2, Skipaskagi og fleiri.

Mótanefnd Dreyra hélt opið íþróttamót í lok ágúst. Mótið gekk með hreinum ágætum og tókst vel í alla staði. Stjórn Dreyra og mótanefnd þakkar kærlega þeim félagsmönnum sem komu að þessu verki, bæði undirbúningi og að mótinu sjálfu, þó vissulega mættu fleiri gefa kost á sér við slík störf.

Á haustdögum var haldinn fundur í aðalstjórn ÍA, þar sem öll aðildarfélög ÍA sækja, og sótti formaður félagsins þann fund og greindi frá starfi félagsins og helstu framtíðarsýn þess, t.d eins og þörfinni á reiðskemmu á svæðinu, reiðvegamálu og fleiru.

59. Ársþing LH. var haldinná Selfossi 17-18 október en öll hestamannafélög landsins eiga rétt á að senda fulltrúa á það þing. Fulltrúar Dreyra voru 4 þau: Ása Hólmarsdóttir, Kristín Frímannsdóttir, Stefán G. Ármannsson og Valdimar M. Ólafsson Einkendist þetta ársþing mjög af staðarvali fyrir Landsmót 2016 og var endirinn sá að Formaður LH. og Stjórn sögðu af sér og fengu formenn hestamannafélagsanna fráfarandi stjórn til að mynda starfsstjórn og þingi frestað til 8 nóvember en þá var nýr formaður og stjórn skipuð.

Stjórn Dreyra tilnefndi Svandís Lilja Stefánsdóttir sem íþróttamann Dreyra. Svandís Lilja er ungur og geysilega efnilegur knapi. Þrátt fyrir ungan aldur á hún að baki glæsilegan feril. Árið var gott hjá Svandísi Lilju hefur hún tekið þátt í mörgum mótum á árinu og náð þar góðum árangri. Á Reykjavíkurmestaramóti gekk Svandísi einstaklega vel í ungmennaflokki en þar varð hún Reykjavíkur meistari í Gæðingaskeiði, í 3. sæti í Fjörgangi og Tölti ungmenna. Á afrekslista er Svandís í 7. sæti í Fimmgangi F2 og gæðingaskeiði ungmenna, 8. sæti í Fjörgangi ungmenna og 17. sæti í Slakataumatölti T2 ungmenna. Á Landsmóti Hestamanna komst Svandís Lilja upp úr milliriðli en vegna þess að klárinn varð haltur varð hún að hætta keppni, gaman hefði verið að sjá hversu langt hún hefði komist hefði hesturinn verið heill. Í ágúst var Svandís Lilja valin í landsliðshóp sem fór á Norðurlandamót í Herning í Danmörku. Þar keppti hún í Fimmgangi og Slakataumatölti T2, lenti hún í 10 sæti í Slakataumatölti T2 sem segja má að sé mjög góður árangur.

Framkvæmdir

Hvað vallarmálin varðar þá hófust framkvæmdir á vellinum í Desember þar sem yfirborð vallarins var fjarlæggt og byrjað að keyra nýju efni í völlin og stefnt er að því að hann verði tilbúinn fyrsta maí. Einnig vil ég ítreka það að sunnan við félagsheimilið er eingöngu stæði fyrir hest aflutningatæki sem eru á skrá (númerum).

Að lokum:

Í þessari skýrslu hefur verið stiklað á stóru í starfi hestamannafélagsins Dreyra. Það eru ótal önnur erindi sem berast stjórn af ýmsu tagi sem við höfum reynt að sinna eftir bestu getu þó að þau rati ekki í skýrsluna, á heimasíðuna eða í tölvupóst til félagsmanna.

Öllum sem starfa í stjórn og nefndum á vegum félagsins eru færðar bestu þakkir. Hvert vinnuframlag er dýrmætt og því fleiri sem hafa áhuga og vilja til að vinna fyrir félagið því betra og auðveldara fyrir alla hina. Við þurfum þó alltaf að gæta þess að standa saman og standa vörð um félagið okkar, sem snýst um sameiginlegt áhugamál, þ.e íslenska hestinn. Það hlýtur að vera markmið allra félagsmanna.

Ég vil þakka öllum góðum félagsmönnum fyrir jákvætt viðmót, samstarfið og vinnuframlag þeirra. Það er okkar von að Dreyri verði áfram félag í stöðugum vexti með gott starf og góðan liðsanda.


Hnefaleikafélag Akraness

Árið 2014 var sjötta starfsár HAK síðan það var formlega stofnað 28. febrúar 2008.

Stjórn HAK árið 2014

Formaður : Örnólfur Stefán Þorleifsson. Varaformaður : Björn Helgi Guðmundsson. Gjaldkeri : J. Rakel Gísladóttir. Ritari : Stella Bára Eggertsdóttir. Meðstjórnandi : Jónas Heiðar Birgisson

Margt hefur gerst síðasta árið, helst má þar nefna að hnefaleikasamband Íslands fór í umsóknarferli til þess að geta orðið sérsamband innan ÍSÍ, sem það verður nú 1. maí n.k. Það hefur mjög góð áhrif á starfsemi aðildafélaga þess og hefur skipulag og regluverk gengið í gegnum miklar betrubætur á þessum tíma. Hnefaleikafélag Akraness statar af stjórnarmeðlimi í HNSÍ, það er hann Jónas Heiðar Birgisson, sem hefur unnið mikið og gott starf þar inni síðan ferlið fór í gang. Dómaramámskeið var haldið á vegum HNSÍ í nóvember og þeir Guðmundur B. Björnsson og Oliver M. Oliversson voru okkar kándídatar þar. Þeir stóðu sig með stakri þrýði og gegna nú dómarastöðu á mótum. Helgina 19 – 21 september buðum við hjá hnefaleikafélagi Akraness vinum okkar úr hnefaleikafélagi Kópavogs og hnefaleikafélaginu Æsir í æfingabúðir í Ölveri. Þær heppnuðust einkar vel og allir fóru þaðan ánægðir og vel æfðir.



Keppnir og úrslit

Fyrsta keppnisferð HAK á árinu var til Nuuk á Grænlandi þann 7. Febrúar þar sem sex keppendur frá HAK mættu sterkum andstæðingum. Úrslit kvöldsins urðu eftirfarandi:

- Marinó E. Gíslason HAK TKO - 2 Minik Burkmeister BK QOUQORTOQ
- Muku Jessen NUUK 3 - 0 Gísli Kvaran HAK
- Aima Jessen NUUK 3 - 0 Margrét Á. Þorsteinsdóttir HAK
- Guðmundur B. Björnsson HAK 3 - 0 Salik Rosing Olsen NUUK
- Suulut Geisler NUUK TKO - 1 Oliver M. Oliversson HAK
- Angulluk Thomassen NUUK 2 - 1 Eyþór H. Pétursson HAK

Þann 22. febrúar voru þau aftur mætt í hringinn og nú í húsnæði HR/Mjöltnis í Reykjavík.

Úrslti kvöldsins urðu eftirfarandi:

- Sunna Rannveig HR 3 - 0 Margrét Á. Þorsteinsdóttir HAK
- Gísli Kvaran HAK 3 - 0 Haukur Borg ÆSIR
- Bjarki Ómarsson HR 3 - 0 Marinó E. Gíslason HAK
- Guðmundur B. Björnsson HAK TKO - 2 Magnús B. Snæbjörnsson ÆSIR
- Ómar Annisus ÆSIR 2 - 1 Eyþór H. Pétursson HAK

Þann 16. apríl var okkur boðið að taka þátt í móti í Kópavogi. Hnefaleikafélag Kópavogs stóð fyrir frábæru kvöldi og þar urðu úrslit eftirfarandi:

- Gísli Kvaran HAK 3 - 0 Elmar Halldórsson HR
- Marinó E. Gíslason HAK 3 - 0 Kristinn G. Guðnason ÆSIR
- Guðmundur B. Björnsson HAK 3 - 0 Haukur Borg ÆSIR

Ekkert Íslandsmeistaramót var haldið árið 2014.

Eftir gott sumarfrí mættu keppendur HAK aftur í hringinn í húsnæði HR/Mjöltnis í

Reykjavík þann 25. október þar sem úrslit urðu eftirfarandi:

- Erla G. Hjartardóttir HR 3 - 0 Margrét Á. Þorsteinsdóttir HAK
- Marinó E. Gíslason HAK 3 - 0 Elmar Halldórsson HR
- Guðmundur B. Björnsson HAK 3 - 0 Sólon Árnason HR

Síðasta mót ársins fór fram í Kópavogi en þar var einn keppandi frá HAK.

- Erla G. Hjartardóttir HR 3 - 0 Margrét Á. Þorsteinsdóttir HAK

Aðstöðumál

Það gerðist margt í aðstöðumálum hjá okkur árið 2014. Við steiptum loksins upp í gömlu golf holurnar sem voru hálfgerðar slysaöldrur, við sléttum og máluðum stóra vegginn. Við klæddum útvegginn í mest notaða rýminu hjá okkur og settum spegla á hann endilangann. Keyptur var búnaður til æfinga s.s hanskar, sippubönd, ketilbjöllur, medicen boltar o.fl.

Við tókum rækilega til í geymslunni hjá okkur um sumarið og endurskipulögðum hana með því að bæta við hillum og geymslukistum. Við löguðum setustofuna hjá okkur lítilla og bættum við verðlaunaskáp. Núna í febrúar voru settir ofnar á stóra vegginn og það gerði mikinn mun. Iðkendafjöldinn á árinu 2014 var í kringum 50 manns, þeim var skipt niður í fjóra hópa:

Unglingabox, þjálfari: Eypór Helgi Pétursson.

Fitnessbox, þjálfari: Alexander Maron Þorleifsson.

Keppnishópur, þjálfari: Þórður Sævarsson.

Jálkar, þjálfari: Örnólfur Stefán Þorleifsson.

Íþróttafélagið Þjótur

Stjórn Þjóts 2013-2014

Sylvía B. Kristinsdóttir formaður, Soffía M. Pétursdóttir ritari, Sigurlaug Njarðardóttir gjaldkeri, Hörður Svavarsson varaformaður, Sigríður Þórdís Reynisdóttir meðstjórnandi. Varamenn: Ásgeir G. Sigurðsson og Emma Rakel Björnsdóttir

Aðalfundur Þjóts haldinn í sal Brekkubæjarskóla 20. mars. 2014. Fundarstjóri: Elsa Lára Arnardóttir þingmaður. Á dagskrá fundar voru hefðbundin aðalfundarstörf. Ársskýrsla lesin, gjaldkeri gerði ársreikningum góð skil. Umræður um ársskýrslu og ársreikninga, samþykkt einróma. Kosning um formann, Sylvía gaf kost á sér áfram og var hún samþykkt samhljóða. Soffía, Sigurlaug og Hörður gáfu öll kost á sér áfram til tveggja ára. Samþykkt samhljóða. Ekki kosið um setu Þórdísar að þessu sinni. Sigurður A. Sigurðsson í varastjórn gaf ekki kost á sér áfram og var tillögu stjórnar um Ásgeir G. Sigurðsson í hans stað samþykkt samhljóða. Sigurði voru þökkuað hans störf í þágu félagsins. Fundarstjóri sleit fundi og boðið var upp á veitingar. Alls mættu 26 manns á fundinn.

Stjórn félagsins starfsárið 2014-2015 er því þannig skipuð:

Sylvía B. Kristinsdóttir formaður, Haust 2014 .sem lét af störfum vegna persónulegra ástæðna. Soffía M. Pétursdóttir ritari, (formaður frá hausti 2014), Sigurlaug Njarðardóttir gjaldkeri, Hörður Svavarsson (ritari frá hausti 2014) og Sigríður Þórdís Reynisdóttir meðstjórnandi. Varamenn: Ásgeir G. Sigurðsson og Emma Rakel Björnsdóttir. (Emma Rakel kom inn í stjórn frá hausti 2014). Stjórnarfundir félagsins á árinu voru 7 talsins auk aðalfundar: 13. jan, 6. feb, 20 mars (aðalfundur) 15. apríl, 20. ágúst, 8. Okt. og 26. Nóv.

Fjáraflanir og fjármálaleg staða

Meðfylgjandi eru ársreikningur félagsins fyrir starfsárið. Félagið er vel stöndugt peningalega séð. Innkoma er af félags- og æfingagjöldum félagsmanna og iðkenda. Fjáröflun-, Árleg jólakortasala, gekk mjög vel enda farið af stað með sölu nokkru fyrr en áður. Félaginu voru úthlutaðar vaktir í fatahengi á Þorablóti Skagamanna. Félagið hefur ekki tekið aðrar fjáraflanir inn á borð til sín.

Styrkir

Þjótur fékk styrk frá Norðurál til búningakaupa á alla iðkendum og þjálfara félagsins. Þorablót Skagamanna, Þjótur stóð vaktir í fatahengi. Styrkir frá Akraneskaupstað, ÍF og innkoma vegna Lottótekna.

Iðkendafjöldi, flokkar og þjálfaramál

Iðkendafjöldi 20-25 manns þar er lítill endurnýjun og fólk er að taka sér langt hlé, vonandi kemur það inn til æfinga aftur. Iðkendur eru blandaður hópur á öllum aldri, sá yngsti 7 ára. Þjótur bauð upp á æfingar í eftirtöldum íþróttagreinum á starfsárinu og hófust æfingar í byrjun janúar á vorönn. Haustæfingar hófust í byrjun september. Þjálfarar greina voru eftirfarandi: Á vorönn og haustönn var boðið upp á: Boccia: Freyja Þöll Smáradóttir og Aníta Eir Einarsdóttir, æfingar 2 sinnum í viku. Keila: Í samvinnu við Keilufélag Akraness æfingar 1x í viku einn hópur. Slök mæting, æfingatími óhentugur, föstudagur æfing kl 19. Ákveðið var að hafa ekki keilu í boði á haustönn. Sund: Eldri og yngri hópur, æfingar 2 sinnum í viku hjá báðum hópum. Yngri hópur: Þjálfarar Eyrún Reynisdóttir og Steinunn Traustadóttir aðstoðarþjálfari á vorönn hjá yngri hóp. Eldri hópur: Ágúst Júlíusson á vorönn og Valdimar Ingi Brynjarsson tók við hópnum á haustönn og Brian Marshall kom tímabundið inn í fjarveru Valdimars. Prek: Anna Sigfríður Reynisdóttir einkaþjálfari 1x í viku á vorönn og voru 3-4 einstaklingar að mæta. Hætt var við námskeið vegna ónægrar þátttöku á haustönn.

Helstu viðburðir og þættir í starfi félagsins

Lokahóf á vorönn í húsnæði HVER í maí, allir mættu í nýju göllunum sem Norðurál styrkti félagið með. Ljósmyndari Skessuhorns kom á staðinn og myndaði hópinn. Pizza eins og hver gat í sig látið. Félagið greiðir niður ferðakostnað vegna þátttöku í mótum sem félagið tekur þátt í. Samstarf er við Fjöliðjuna vegna þökkunar á jólakortum. Aðalstjórnarfundur ÍA 23. okt. formaður mætti á fundinn.



Stjórnarfundur í okt.- heimsókn frá stjórn ÍF. Fyrir hvað stendur ÍF að okkar mati, er eitthvað sem mætti laga í samstarfi félaganna og ÍF. Jón Þór íþróttafulltrúi frá framkvæmdastjórn ÍA kom einnig á fundinn. Ósk framkvæmdastjórnar ÍA um að félögin vinni meira saman undir nafni ÍA – komi fram út á við undir nafni ÍA í stað eigin félags. Einnig umræður um hvort eigi að velja sér íþróttamann fatlaðra karl og konu eða hafa val eins og verið hefur. Frá ÍF-Kynning á verkefni í körfubolta, þar sem fatlaðir og ófatlaðir leikmenn mynda saman lið og keppa, Jón Þór hjá ÍA tók mjög vel í þetta og er farinn með þetta mál í frekari kynningu til körfuboltafélagsins og FVA fjölbrautarskólann með að finna þátttakendur í þetta verkefni. Ábending frá ÍF; 18 félög/deildir innan ÍA. Eitt félag með íþróttir fatlaðra. Þar eru bara stundaðar 2 greinar, boccia og sund. Hvar eru aðrir iðkendur sem eru með fötlun. Eru þeir að æfa aðrar greinar eða ekki að æfa neina íþróttir? Heildarhreyfing ÍA þyrfti að skoða þessa stöðu betur og vinna saman að því að ná til þessa hóps iðkenda með Þjóti. Þjótur fór eina ferð á Reykjanesið til félaga í NES og tóku eina léttu æfingu í boccia saman fengu sér svo pizzu með hópnum áður en lagt var af stað heimleiðis aftur.

Þátttaka og gengi í mótum

Nýársmót barna og unglinga 3.jan. keppendur frá Þjóti voru þau Ívar, Aldís og Helena.

RIG í janúar sund. 6 keppendur, Freyr, Stefán, Sindri, Áslaug, Emma og Laufey María sem lenti í 3. Sæti í 50 skrið og 50 bak

Lionsmót í boccia á Akranesi 23.feb. ÍFR, Öspin, Nes og Þjótur. ÍFR gerði sér lítið fyrir og hirti öll verðlaunin. 1, 2 og 3. Sæti.

Íslandsmót 50 m laug. 5-6 apríl. Í Laugardal. Þátttakendur 5. Stefán, Freyr, Áslaug, Emma og Laufey María. Enginn vann til verðlauna að þessu sinni. Laufey lenti í 4 sæti í 100 bak og 400 skrið, í 5 sæti 200 skrið.

Íslandsmót og Hængsmót Akureyri í Boccia. Sveitakeppni. Ekki var unnið til verðlauna að þessu sinni.

Asparnót í sundi. Ívar Hrafn, Freyr og Stefán 5. Sæti 50 flug. Áslaug, Emma og Laufey María 4. Sæti í 50 skrið og 50 flug.

Fjarðarmót í sundi Freyr og Stefán stóðu sig mjög vel.

Íslandsmeistaramót í Boccia á Seyðisfirði 2-5 okt.einstaklingskeppni. Sigurður Smári 1. sæti í flokki BC 1-4. Guðmundur Örn 2. sæti í 2. Deild vann sinn riðil en tapaði í úrslitaleik um gullið. 3. Deild Emma Rakel vann sinn riðil og lenti í 5. Sæti. Áslaug í 3. Sæti í sínum riðli. 4. Deild þar lentu félagarnir Jón í 3. Sæti í sínum riðli og Kristmundur í 4. Sæti í sínum riðli.

Innanfélagsmót í boccia. Guðmundur Örn marði nauman sigur gegn Jóhönnu Nínu.

Viðurkenningar og tilnefning til íþróttamanns Akraness valið af þjálfurum og stjórn félagsins.

Hvatningabíkar ÍF, hann hlaut Jóhanna Nína Karlsdóttir Minningarbíkar um Lýð Hjálmarsson kom í hlut Freys Karlssonar.

Hvatningarbíkar Þjóts, yngri iðkendur, úthlutað í 4. sinn, Helena Káradóttir.

Íþróttamaður Þjóts Laufey María Vilhelmsdóttir, sem einnig var tilnefnd til kjörs á íþróttamanni Akraness fyrir árið 2013.

Framtíðarsýn og aðrar hugleiðingar

Nýtt íþróttahús og sundlaug betri aðstaða fyrir öll aðildarfélög ÍA.Með aukinni samvinnu aðildarfélaga ÍA. Einn iðkandi æfir sund og keppir í flokki S-14 með Sundfélagi Akraness og keppir fyrir hönd Þjóts á sundmótum sem ætluð eru fyrir fatlaða sundmenn. Einn iðkandi hefur prófað karate og fannst það mjög gaman. Gaman væri að sjá fleiri félög koma til móts við fatlaða iðkendur.

Yngri og eldri hóp var boðið upp á danskennslu 1 sinni í viku á vorönn í samvinnu við Dansstúdíó Írisar. Námskeiðin stóðu yfir í 6 – 8 vikur og voru 2 námskeiði í boði og voru þau áætlega sótt. Þátttakendur greiddu sín námskeið sjálfir.

Tilraun var gerð til að bjóða upp á borðtennis en ekki reyndist nægur áhugi og því féll það um sjálft sig. Ákveðið var að taka frí frá keilu og bjóða þrek í staðinn, ekki vakti það lukku innan hópsins. Ekki var leitast eftir áframhaldandi danskennslu á haustönn. Huga þarf að aðgengi þegar boðið er upp á námskeið fyrir iðkendur Þjóts.

Iðkendur hvattir til að prófa íþróttagreinar annarra aðildarfélaga t.d. golf, keilu, kraftlyftingar, karate.

Stjórn lagði til að tekinn yrði upp mætingarlisti á æfingar félagsins vegna slakrar mætingar, vegna þátttöku á mótum. Ferðamáti að fara saman sem liðsheild á mót. Greiðsluþátttaka félagsins fyrir eldri iðkendur sem þurfa á aðstoðarmanni að halda í keppnisferðum. Æfingagjöld 12000 kr-önnin. Félagsgjöld 1500. Heimasíða félagsins-virkja betur og setja inn myndir. Facebook-síða fyrir hópinn og velunnara félagsins þar sem fram koma helstu fréttir félagsins. Myndir af mótum og keppnisferðum svo og starfi félagsins. Myndir úr starfi félagsins eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

Lokaorð og þakkir

Árið 2014 var í heildina ágætt, öflugt íþróttafólk sem mikils má vænta af á næstu árum ef það heldur áfram á sömu braut. Eitt af meginmarkmiðum félagsins er að bjóða upp á íþróttir fyrir sem flesta, óháð aldri. Með von um að sem flestir iðkendur finni eitthvað við sitt hæfi og þannig byggt upp góða sjálfsmynd í gegnum leik og keppni við jafningja þar sjáum við samstarf annara félaga innan ÍA. Aðildarfélögum, félagsmönnum, þjálfurum, aðstoðarmönnum og starfsmönnum íþróttamannvirkja þökkum við ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári og velunnurum félagsins færum við þakkar fyrir stuðninginn á árinu.

Karatefélag Akraness

Stjórn KAK

Aðalfundur KAK var haldinn 2. apríl 2014 í íþróttahúsinu Jaðarsbökkum. Á fundinum var kosinn nýr meðstjórnandi og Salbjörgu Reynisdóttur þökkuað seta í stjórninni. Jafnframt var stjórnarfélagi þökkuað vel unnin störf. Stjórn

KAK árið 2014 skipuðu: Eyðís Líndal Finnbogadóttir, formaður, Kristjana Helga Ólafsdóttir, gjaldkeri, Finnbogi Gunnlaugsson, Berglind Þórðardóttir og Sólrún Eiríksdóttir, meðstjórnendur.

Starfssemi Karatefélags Akraness var með nokkuð líku formi og undanfarin ár. Á haustönn 2014 var m.a. byrjendahópur fullorðinna en nokkur ár eru síðan slíkur hópur hefur verið hjá KAK. Félagið er um 40 iðkendur og virðist sem það sé að eflast eftir nokkra lögð. Hjá öllum flokkum hefur verið reynt að blanda saman félagsstarfi og leik í samblandi við karatekennsluna með ýmsum hætti eins og komið verður nánar að í kafla um starfssemi KAK. Æfingar eru að jafnaði 3. sinnum í viku fyrir framhaldshópa en tvisvar í viku fyrir karateskólann. Æfingar fara fram í speglasalnum í íþróttútsýningu Vesturgötu, Akranesi. Boðið var upp á byrjendanámskeið fyrir börn og fullorðna á vor og haustönn. Á árinu var lögð áhersla á grunnkarate en æft er samkvæmt JKA Shotokan karatestílnum. Hjá félaginu er að jafnaði lögð áhersla á allar grunngreinar karate þ.e. grunnþjálfun, Kata og Kumite. Það er oft nokkuð vandasamt að reka lítil íþróttafélög og því mikilvægt að þjálfarar og stjórnarmenn vinni saman að því að gera félögin öflug. Hjá KAK erum við með duglega þjálfara og stjórnarmenn sem í sameiningu gera starfið öflugt. Þá er aðstoð frá foreldrum og eldri iðkendum við ýmiss störf einnig mikilvæg. Það sem stendur uppúr frá árinu 2014 voru skemmtilegar æfingar, æfingabúðirnar Ærslagangur á Skaga og keppnisferð til Svíþjóðar. Það er keppikefli mitt sem formanns Karatefélags Akraness að hjá allir vinni að því að hafa við heiðarleika gagnvart hvert öðru, hugrekki til að takast á við nýja hluti og hreysti á sál og líkama.

Þjálfarar

Aðalþjálfari KAK síðustu 11 árin hefur verið Einar Hagen (5. dan) en hann þjálfar einnig hjá Karatedeild Breiðabliks og er starf hans því samvinna þessara félaga. Einar kennir framhaldshópi barna og fullorðinna hjá KAK. Á árinu 2014 sá Sólrún Eiríksdóttir (1. kyu) um kennslu í karateskólann en henni til aðstoðar á vorönninni var Margrét Elva Sigurðardóttir. Á haustönninni 2014 komu inn nokkuð margir iðkendur í byrjendahóp barna og bættust þá Ahmad Al Hasan og Eyðís Líndal Finnbogadóttir við aðstoð hjá Karateskólanum. Auk ofangreindra hefur Eyðís Líndal Finnbogadóttir (2. dan) og Elsa María Guðlaugsdóttir (1. dan) séð um afleysingar og aukaæfingar fyrir mót.

Gráðanir

Gráðanir eru einskonar stöðupróf sem iðkendur í karate taka einu sinni til tvisvar á ári. Hjá KAK eru gráðanir gjarnan nýttar til að veita viðurkenningar fyrir góða mætingu og framfarir í barnahópnum. Hjá KAK voru tvær gráðanir á árinu 2014, 16. maí var vorgráðun og 13. desember var vetrargráðunin og við það tækifæri fengu Guðbjörg Birta Sigurðardóttir og Bergsteinn Már Einarsson viðurkenningu fyrir mestu framfarir á haustönninni sem afhent var á nýju ári. Þann 5. apríl 2014 eignaðist KAK enn einn svartbelt-inginn þegar Elsa María Guðlaugsdóttir gráðaðist upp í 1. dan hjá sensei Richard Amos.



Félagsstarfið

Æfingar hófust að nýju eftir jólafrí þann 7. janúar 2014. Strax í janúar var haldin fjölskyldu og vinaæfingar en þær eru hugsaðar til að kynna þeim sem standa nærri iðkendum hvað karate er. Slík æfing var einnig haldin á haustönninni. Að venju var haldin furðufataæfing í kringum öskudaginn og er það ávallt mikið fjör. Hjá eldri hópnum var hinsvegar furðu-hár æfing. Videosýning ásamt poppi og pylsum /pizzum var bæði á vorönn og á haustönn. Síðasta æfing fyrir páska var páskaeggjaleit í formi ratleiks þar sem hver þátttakandi endaði með lítið páskaegg til að hafa með sér í fríð. Vorönnin endaði með skemmtilegum leikjalegi í Skógræktinni þar sem grillaðar voru pylsur áður en haldið var inn í sumarið. Á haustönninni sem hófst í byrjun september var félagið með stóran og kátan byrjendahóp barna og einnig byrjendahóp fullorðinna í fyrsta sinn um nokkurn tíma. Á haustönn voru vinaæfingar og sprell á æfingum en nokkurn tími fór í undirbúning fyrir karatesýningu fyrir foreldra. Þann 5. desember var slegið upp karatesýningu Karateskólans og framhaldshóps barna. Karateninjur karateskólans sýndu listir sínar og framhaldshópurinn sýndi Kata og Kumite atriði og að lokum Ljósmynd: Berglind Erna Þórðardóttirhvernig hinar ýmsu tæknir í karate nýtast við að brjóta spýtur. Á sýninguna var vel mætt af foreldrum og almenn ánægja var með þessa frábæru krakka. Í lok sýningarinnar var slegið upp innanfélags Katamóti þar sem Karateþjálfarar og iðkendur kepptu saman og unnu þjálfararar naumlega. Í verðlaun var súkkulaði.

Dómaramál og KAI

Við þátttöku á mótum á vegum karatesambands Íslands (KAI) er öllum félögum sem senda keppendur á mótin gert að senda dómara. Staða dómaramála hjá KAK á árinu 2014 var ekki góð, en félagið hefur aðeins einn dómara í Kata til að senda á mót og sem stendur engan virkann Kumite dómara. KAI heldur reglulega námskeið fyrir dómara og á næstu árum þarf að vinna að því að fjölga dómurum félagsins bæði í Kata og Kumite til að tryggja þátttökuréttindi félagsins á mótum. Dómarar, starfsfólk og liðstjórar eru mikilvægur þáttur Karatemóta. Ljósmyndir: Þorsteinn Yngvi Guðmundsson.

Fréttir af starfinu

Eins og undanfarið ár sá stjórn félagsins um að gefa út fréttabréf KAK. Með fréttabréfinu er ætlunin að kynna fyrir foreldrum það helsta sem er á dagskrá hjá félaginu. Auk þess er dagskrá æfingahópa sett upp í upphafi (eða þar um bil) hvernar annar svo að iðkendur og foreldrar viti hvað er á döfinni. Almenn ánægja hefu verið með fréttabréfið og er ætlunin að halda áfram að gefa það út. Karatefélagið heldur einnig úti vefsíðu með upplýsingum um félagið og karate almennt á <http://ia.is/vefiradildarfelog/karate/>. Einnig heldur félagið úti virkri fésbókarsíðu þar sem sendar eru út tilkynningar, sagt frá starfinu birtar myndir og upplýsingum komið til skila. Öllum iðkendum og aðstandendum þeirra er bent á að velja „like“ fyrir síðuna og fá upplýsingar um það sem er að gerast hjá félaginu.

Þátttaka og árangur á mótum 2014

Meistaramót barna og unglinga: Karatefélag Akraness tók þátt í meistaramóti barna í KATA sem haldið var 9. febrúar 2014. Á mótinu vann KAK til einna verðlauna en þau Eiríkur, Kristrún og Óli fengu bronsverðlaun í hópkata barna 10/11 ára. Á unglingamótinu sem haldið var saman dag átti KAK fáa keppendur og engin verðlaun féllu í þeirra skaut.

Íslandsmeistaramót í Kata: Á Íslandsmeistaramótinu í KATA 2014 átti KAK 4 keppendur í kvennaflokki en þær Elsa, Eydís og Hafdís fengu bronsverðlaun í hópkata á mótinu. Þá tók hún Guðbjörg Birta þátt í einu Grandprix móti á haustinu 2014 og keppti í Kata. Engin þátttakandi frá KAK tók þátt í kumitemótum á árinu 2014.

Swedish Open í Malmö, Svíþjóð: Dagana 20.- 23. mars fóru 4 keppendur frá KAK til Malmö í Svíþjóð og tóku þátt í opna sænska meistaramótinu. KAK félagar voru hluti af stærri hópi íslenskra keppenda en unnið hafði verið að undirbúningi ferðarinnar í samvinnu við Karatedeild Breiðabliks. Ásamt keppendum voru í för þjálfarar og fjölskyldur keppenda. Þau Eiríkur, Kristrún Bára, Guðbjörg Birta og Hilmar tóku þátt fyrir hönd KAK. Þau stóðu sig með þryði og var ferðin og keppnin mikill upplifun fyrir þessa hressu karatekrakka og komu þau öll heim með verðlaun í farteskinu. Kristrún Bára Guðjónsdóttir fékk brons í flokki kata 10 ára stúlkna. Eiríkur Snjólfsen fékk brons í flokki hópkata mix 10-11 ára. Hann var í hóp með tveimur keppendum úr Breiðablik, Daníel og Tómasi. Hilmar Andri Ásdísarson fékk brons í flokki hópkata mix 12-13 ára. Hann

var í hópi með tveimur keppendum úr Breiðablik, Þorsteini og Snorra. Guðbjörg Birta Sigurðardóttir fékk brons í flokki hópkata mix 12-13 ára. Hún var í hópi með tveimur keppendum úr Breiðablik, Móey og Freyju.

Æfingabúðirnar „Ærslagangur á Skaga 2014“ voru haldnar helgina 15 –16 mars 2014. Á æfingabúðirnar mættu iðkendur frá 4 félögum af höfuðborgarsvæðinu og voru tvær æfingar að Jaðarsbökkum. Auk hefðbundinna æfinga var spilað bingó og hin fræga hárgreiðslukeppni var haldinn eftirminilega. Allir gestirnir gistu í Grundaskóla en stjórn og foreldrar hjá KAK sáu um undirbúning og framkvæmd, s.s. að elda ofan í hópinn. Æfingabúðirnar eru haldnar með það að markmiði að skapa liðsheild meðal karatekrakka á unglingsaldri.

Karatekona KAK árið 2014

Í útnefningu til íþróttamanns Akraness tilnefndi Karatefélag Akraness Elsu Maríu Guðlaugsdóttur sem er 1. dan, sem Karatekonu ársins 2014 og var hún þar með fulltrúi KAK. Elsa María hefur æft Karate í 5 ár og hefur m.a. verið þjálfari barna hjá KAK. Elsa hefur einnig verið einn af aðalkeppendum KAK undanfarinn ár í KATA. Tilnefningin er valin af yfirþjálfara félagsins í samvinnu við formann. Elsa er flott fyrirmynd fyrir unga iðkendur.

Keilufélag Akraness

Rig (Reykjavík International Games) fóru fram dagana 17.-21.jan. Eftir keppni í milliriðli var Skúli Freyr Sigurðsson KFA í 10.sæti sem hann þurfti til að taka þátt í úrslitakeppni. Skúli endaði í 4.sæti eftir viðureign við Hafþór Harðarson ÍR.

Íslandsmót Einstaklinga var haldið í febrúarbyrjun. Það náðu Skúli Freyr Sigurðsson og Magnús Sigurjón Guðmundsson bestum árangri Skagamanna en voru 31 og 38 pinnum frá að komast í úrslitakeppni. Ástrós Pétursdóttir ÍR og Magnús Magnússon ÍR urðu sigurvegarar á mótinu.

Íslandsmót Unglinga var haldið í lok febrúar. Þar náðu Skagamenn í 2 Íslandsmeistaratitla. Í 3.flokki pilta háði Jóhann Ársæll Atlason úrslitaviðureign við Jökul Byron Magnússon KFR. Jóhann vann fyrri leikinn með 200 pinnum á móti 181. Jökull vann seinni leikinn með einum pinna 173 á móti 172 en þar sem að það er heildin úr 2 leikjum sem að gildir þá vann Jóhann með 372 pinnum á móti 354. Í 2.flokki pilta varð Gunnar Ingi Guðjónsson KFA í 2.sæti og Viktor Pálmason í 3.sæti. Í 1.flokki stúlkna varð Natalía Jónsdóttir í 2.sæti og í 2.flokki stúlkna varð Jóhanna Ósk Guðjónsdóttir í 1.sæti og því Íslandsmeistari í 2.flokki stúlkna. Í oppna flokknum lenti Natalía í 2.sæti. Natalía vann Jóhönnu með 177 pinnum á móti 144 en lét í lægra haldi fyrir Katrínu Fjólu Bragadóttur ÍR. Katrín vann fyrri leikinn 175 á móti 161 og einnig seinni leikinn 197 á móti 178 eða samtals 372 á móti 339 pinnum.

Íslandsmót einstaklinga með forgjöf var haldið 8.-11.mars. Eftir milliriðil var Matthías Leó Sigurðsson KFA í 3.sæti og



í úrslitakeppninni gerði hann sér lítið fyrir og sigraði Hrafn Sabir Kahn í 3 úrslitaleikjum, 223-211 ; 205-173; 187;182: 615-566. Matthías Leó er yngsti Íslandsmeistari í sögu keilunnar á Íslandi en hann var aðeins 6 ára þegar að hann náði þessum titli. Matthías Leó var með 114 í forgjöf.

Evrópumeistaramót unglunga í keilu, 18 ára og yngri fór fram í Odense í Danmörku dagana 11. - 21. apríl. Keppendur sem tóku þátt í mótinu fyrir Íslands hönd voru Aron Fannar Benteinsson ÍA, Natalía G. Jónsdóttir ÍA, Andri Freyr Jónsson KFR, Jóhanna Guðjónsdóttir ÍA, Guðmundur Ingi Jónsson ÍR, Katrín Fjóla Bragadóttir ÍR og Hlynur Örn Ómarsson ÍR. Þjálfari og fararstjóri var Guðmundur Sigurðsson og aðstoðarþjálfari var Jónína Björg Magnúsdóttir. Þykir okkur ekki leitt að Skagamönnum skuli annað árið í röð vera treyst fyrir bæði þjálfun og fararstjórn unglungalandslíðsins. Þess má geta að Skúli lagði einnig leið sína á mótið og var góður stuðningur við hópinn. Natalía og Jóhanna enduðu í 54 og 58 sæti af 61 og Aron Fannar hafnaði í 96. sæti af rúmlega 100 keppendum.

Lokaumferð Meistarakeppni Ungmenna fór fram í Keiluhöllinni í Öskjuhlíð 21.apríl. Bestum árangri í 2.flokki pilta náði Aron Fannar Benteinsson KFA en hann varð í 2.sæti. Í fyrsta sæti var Hlynur Örn Ómarsson ÍR. í 2.fl. stúlkna var Natalía Jónsdóttir KFA í 2.sæti og Jóhanna Ósk Guðjónsdóttir KFA var í 3.sæti. en í 1.sæti var Katrín Fjóla Bragadóttir ÍR. Í 3.fl. pilta átti ÍA 6 af 10 keppendum. Bestum árangri okkar manna þar náði Ólafur Sveinn Ólafsson sem varð í 3.sæti en síðan átti ÍA 6-10 sæti. Þetta er vaxandi og góður hópur pilta sem að á eftir að láta að sér kveða í framtíðinni. Í 1.sæti var Jökull Byron Magnússon KFR og í 2.sæti Erlingur Sigvaldason ÍR.

Í Íslandsmóti unglungið var ÍA 1 í efsta sæti eftir þær 5 umferðir og unnu bikar fyrir það en náði ekki að keppa til sigurs í úrslitum. Í gegnum árin hefur ÍA verið ansi nálægt þessu markmiði en ekki tekist en fullur ásetningur er fyrir að ná þessum titli fyrir en seinna.

Í Bikarkeppni KLÍ fengu meðlimir ÍA-W bronsverðlaun. Deildarkeppni liða:

Kvennaliðið lenti í 9.sæti af 11 eftir viðureignir vetrarins.

Karlaliðin voru 3 og í 1.deild voru 2 lið ÍA og ÍA-W. ÍA lenti í 8.sæti af 10 en ÍA-W náðu 3.sæti. ÍA-B lenti í 7 sæti af 8.

Smápunktur á haustdögum:

Sú nýng var tekin í notkun hjá 1.deild karla að spila í 3ja manna liðum með það til hliðsjónar að kannski taka slíkt upp í fleiri deildum haust 2015. Natalía Jónsdóttir, Jóhanna Ósk Guðjónsdóttir og Guðmundur Sigurðsson fóru á þjálfaranámskeið með Juha Maja aðalkennara Evrópska Keilusambandsins dagana 20. - 22. október og er ætlinin að stelpurnar geti komið meira að þjálfun í félaginu. 13.-19.okt. var haldið Evrópumót Einstaklinga í Egilshöll og voru Íslandsmeistarar einstaklinga 2014, þau Magnús Magnússon og Ástrós Pétursdóttir ÍR fulltrúar Íslands. Mótshald tókst með ágætum og hefur verið ákveðið að Evrópumeistaramót Unglinga verði haldið í Egilshöll um páskana 2016. Helgina 25. til 26. október s.l. var Íslandsmeistaramót í tvímenningi haldið í Keiluhöllinni Egilshöll. Leikar fóru þannig að Magnús Magnússon og Arnar Sæbergsson, sem báðir spila með ÍR KLS, sigruðu þá Hafþór Harðarson ÍR og Magnús S Guðmundsson ÍA. Sigruðu þeir Magnús og Arnar í tveim leikjum 456 – 426 og 426 – 365. Í þriðja sæti urðu svo þeir Guðlaugur Valgeirsson KFR og Skúli Freyr Sigurðsson ÍA. HM í keilu fór fram í Abu Dhabi 4. - 15. desember og var Skúli Freyr Sigurðsson valinn í karlalandsliðið til þeirrar farar. Skúli náði að skila bestum árangri af þeim einstaklingum sem fóru með landsliðinu, eða 206 að meðaltali í liðakeppninni

Stærsta viðbót í salinn var nýtt skorkerfi sem tekið var í notkun í des. 2014 sem keypt var frá Viking í Svíþjóð. Fjöldi iðkenda í keilu er svipaður og undanfarin ár. Þó þarf að huga að því fyrir veturinn 2015-2016 að reyna að fjölga stúlkum í keilu. Feban hefur haldið áfram að vera með 2 fastar æfingar á viku og afmæli og önnur leiga á sal hjálpað til að ná endum saman.

Knattspyrnufélag ÍA

Almennt

Knattspyrnufélag ÍA á Akranesi var stofnað árið 1946 og er félagið sigursælasta knattspyrnulið karla á Íslandi frá árinu 1951. Félagið hefur 18 sinnum orðið Íslandsmeistari, 8 sinnum bikarmeistari og leikið liðlega 70 leiki í Evrópukeppnum. Ekkert félag á Íslandi hefur alið af sér fleiri leikmenn sem hafa leikið sem atvinnumenn í Evrópu og spilað landsleiki fyrir Íslands hönd. Í gegnum áratugina hefur félagið verið þeirrar gæfu aðnjótandi að hjá því hafa starfað þjálfarar sem hafa verið duglegir við að innleiða nýja hluti sem hefur sett þá skrefi framar öðrum. ÍA hefur alla tíð verið skipað Skagamönnum að uppistöðu sem stoltir hafa haldið uppi heiðri félagsins. Um áramótin 2014-2015 voru iðkendur í Knattspyrnufélagi ÍA um 530 talsins á breiðu aldursbili og er félagið stærst íþróttafélaga undir merkjum Íþróttabandalags Akraness. Aðstaða til knattspyrnuíðkunar á Akranesi er góð og er hún öll á svæði



félagsins á Jaðarsbökkum þar sem eru opin útæfingasvæði, knattspyrnuhöll og aðalleikvangur.

Árið 2014 var viðburðaríkt og gjöfult fyrir Knattspyrnufélag ÍA. Meistaraflokkur karla vann aftur sæti í efstu deild þar sem sterk liðsheild og samheldni var einkennandi fyrir hópinn. Meistaraflokkur kvenna féll úr efstu deild en liðið fékk mjög góða reynslu sem mun nýtast í baráttunni um sæti meðal þeirra bestu fljótt aftur. Mjög góður árangur náðist hjá yngri flokkunum hjá báðum kynjum og náðust t.d Íslandsmeistaratitlar hjá þremur flokkum og nokkrir flokkar voru mjög nálægt verðlaunasætum. Samtals voru leiknir 444 opinberir leikir á árinu 2014 í öllum flokkum félagsins. Knattspyrnufélag ÍA lék alls 93 leiki í Akraneshöllinni og 114 leiki á Norðurálsvelli. Alls voru leiknir 122 leikir í Akraneshöllinni og 137 leikir á Norðurálsvelli, m.a. vináttulandsleikur U-21 landsliðs karla gegn Svíum í júní. Slíkt umfang leikja er ekki mögulegt nema með góðri samvinnu fjölmarga iðkenda, þjálfara, annarra starfsmanna, aðstandenda, dómara og vallarstarfsmann og ber að þakka öllu þessu góða fólki fyrir frábær störf. Einnig ber að þakka stjórnarfólki, sjálfboðaliðum, fjölmörgum styrktaraðilum og Akraneskaupstað fyrir beinan og óbeinan stuðning við starfið.

Starfsmannamál og stjórnir

Alls störfuðu um 30 þjálfarar hjá félaginu á árinu og 32 leikmenn meistaraflokka fengu greidd laun. Starfsmenn félagsins í fullu starfi voru fjórir þ.e. framkvæmdastjóri, skrifstofumaður, yfirþjálfari og þjálfari meistaraflokks karla. Þjálfari mfl. karla er Gunnlaugur Jónsson en skipt var um þjálfara í mfl. kvenna á miðju sumri. Þá þurfti Magnea Guðlaugsdóttir að draga sig í hlé vegna persónulegra aðstæðna og Þórður Þórðarson tók við. Samningur við Þórð hefur verið endurnýjaður fyrir árið 2015. Rakel Jóhannsdóttir sagði upp störfum á skrifstofunni á miðju sumri og hætti hún störfum í byrjun september. Henni eru þökkun vel unnin störf fyrir félagið í gegnum árin. Í stað Rakelar var ráðin til Elfa Björk Sigurjónsdóttir, við-

skiptafræðingur. Jón Þór Hauksson er yfirþjálfari félagsins en framkvæmdastjóri er Haraldur Ingólfsson.

Mikil endurnýjun varð í stjórnnum félagsins þar sem Magnús Guðmundsson var kosinn formaður aðalstjórnar og með honum Sævar Freyr Þráinsson sem varaformaður. Stjórnir Knattspyrnufélags ÍA eru þrjár og eru þær skipaðar 21 fulltrúa. Aðalstjórn hélt 22 bókaða fundi á starfsárinu, Afrekssvið hélt 4 bókaða fundi á árinu og Uppeldissvið hélt 18 fundi á árinu. Eftirfarandi skipuðu stjórnir félagsins á starfsárinu 2014:

Aðalstjórn

Magnús Guðmundsson formaður, Sævar Freyr Þráinsson varaformaður, Kolbrún Hreinsdóttir gjaldkeri, Bjarnheiður Hallsdóttir, Örn Gunnarsson. Varamenn: Vigdís Jónsdóttir, Ólafur Ingi Guðmundsson

Uppeldissvið

Berglind Þráinsdóttir, formaður, Bjarki Pétursson, Guðrún Sigurðsson, Arnbjörg Stefánsdóttir, Sigríður Þorsteinsdóttir. Varamenn: Alfreð Freyr Karlsson, Arnheiður Helgadóttir

Afrekssvið

Viktor Elvar Viktorsson, formaður, Brynja Kolbrún Pétursdóttir, Hafsteinn Gunnarsson, Lárus Ársælsson, Berta Ellertsdóttir. Varamenn: Haraldur Sturlaugsson, Þröstur Stefánsson

Kjörnefnd var skipuð þeim Jóhönnu Hallsdóttur, Steinari Adolffssyni og Gísli Gíslasyni

Starf yngri flokkanna

Starfið yngri flokkanna gekk vel á árinu 2014 og unnust þrír Íslandsmeistaratitlar, 4. flokkur kvenna b-lið, 3. flokkur karla b-lið og 5 flokkur d-lið urðu Íslandsmeistarar eftir dramatíska úrslitaleiki. Auk þess varð sameiginlegt lið ÍA/Þróttar í 2. fl. kvenna bikarmeistari á árinu eftir að hafa sigrað Breiðablik í úrslitaleik. Annar flokkur karla stóð sig mjög vel á árinu og varð í 2. sæti bæði í deild og bikar. Að öðru leyti var nóg um að vera hjá hinum iðkendum í félaginu í öllum aldursflokkum.

Samantekt um árangur yngri flokka 2014

2. flokkur kvenna stóð sig mjög vel síðasta sumar. Sameiginlegt lið ÍA og Þróttar endaði í 3. sæti B-riðils og komust alla leið í úrslit í bikarkeppninni þar sem þær unnu frábæran sigur á Breiðablik. Þjálfari liðsins var Margrét Ákadóttir

2. flokkur karla stóð sig virkilega vel á síðasta tímabili. Sameiginlegt lið ÍA og Kára endaði í 2. sæti A-riðils og B liðið endaði í 6. sæti í sínum riðli. Strákarnir komust svo alla leið í úrslit í bikarkeppninni þar sem þeir töpuðu naumlega. Þjálfarar liðsins var Kristinn Guðbrandsson

3. flokkur kvenna stóð sig vel í fyrri. Stelpurnar enduðu í 3. sæti B-riðils og áttu marga góða leiki. Þjálfari liðsins var Þorsteinn Gíslason.

3. flokkur karla stóð sig mjög vel á liðnu ári. Strákarnir enduðu í 4. sæti B-riðils og áttu fína leiki. B liðið í flokknum stóð sig svo frábærlega og varð Íslandsmeistari eftir að fara taplausir í gegnum Íslandsmótið og úrslitakeppni. Þjálfarar liðsins eru Lúðvík Gunnarsson og Heimir Eir Lárusson.

4. flokkur kvenna var með framúrskarandi árangur á síðasta tímabili. Þær enduðu í 4. sæti A-riðils og það munaði mjög litlu að þær spiluðu um Íslandsmeistaratitilinn eftir frábært gengi í úrslitakeppni. B liðið var með glæsilega frammistöðu og endaði sem Íslandsmeistari. Þjálfarar liðsins voru Ágúst Hrannar Valsson og Elísa Svala Elvarsdóttir.

4. flokkur karla var með viðunandi árangur síðasta sumar. Þeir enduðu í 11. sæti A-riðils og áttu nokkra góða leiki. B liðið endaði í 10. sæti í sínum riðli. Þjálfarar liðsins voru Kári Steinn Reynisson og Guðjón Heiðar Sveinsson.

5. flokkur kvenna stóð sig vel á síðasta tímabili. Stelpurnar enduðu í 7. sæti í A-riðli og áttu marga góða leiki. B liðið endaði í 12. sæti í sínum riðli. Þjálfari liðsins var Halldóra Gylfadóttir en síðan tók Ingibjörg Harpa Ólafsdóttir við á miðju tímabili.

5. flokkur karla stóð sig frábærlega í fyrra. Strákarnir enduðu í 1. sæti í A-riðli, B liðið endaði í 3. sæti í sínum riðli. C liðið endaði í 4. sæti í sínum riðli. Að lokum endaði D liðið í 3. sæti í sínum riðli. Öll liðin komust í úrslitakeppnina og D liðið vann Íslandsmeistaratitilinn. Þjálfari liðsins var Hjálmur Dór Hjálmsón.

Að loknu þessu tímabili fagnaði ÍA því þremur Íslandsmeistaratitlum og einum bikarmeistaratitli í yngri flokkum félagsins. Fyrir utan Íslandsmótið tóku yngri flokkarnir þátt í fjölda annarra minni móta. Árangur þeirra var ávallt með ágætum og krakkarnir lögðu sig fram og gerðu sitt allra besta. Er krökkunum o göllum sem að starfinu koma þakkað fyrir frábært samstarf og góða ástundun.

Norðurálmótið 2014

Norðurálmótið er knattspyrnumót fyrir stráka í 7. flokki og hefur það verið haldið á Akranesi um langt árabil. Mótið tókst mjög vel sumarið 2014 og var veðrið mjög gott sem hefur alltaf mikil áhrif á upplifun þátttakenda og aðstandenda. Metþátttaka var í mótinu en um 1250 keppendur frá 25 félögum skemmtu sér vel á mótshelginni 20.-22. júní 2014 og er talið að allt að 7000 gestir hafi sótt Akranes heim þá helgina. Mótið er stór viðburður á Akranesi og Knattspyrnufélag ÍA reiðir sig á mikinn fjölda sjálfbóðaliða og almenna velvild bæjarbúa til að allt gangi upp. Ætla má að um 600 manns hafi lagt félaginu lið við framkvæmd mótsins þar á meðal iðkendur úr elstu flokkunum sem meðal annars sinntu dómgæslu.

Meistaraflokkur karla

Meistaraflokkur karla lék í 1. deild sumarið 2014 og náði þeim glæsilega árangri að tryggja sér sæti í deild þeirra bestu eftir eitt ár í 1. deild. Allt Skagalið og Þjálfarar þess, Gunnlaugur Jónsson aðalþjálfari og Jón Þór Hauksson aðstoðarþjálfari eiga hrós skilið fyrir árangurinn sumarið 2014. Eftir að hafa lent í áföllum í byrjun móts og einnig um miðbik tímabils þá kom liðið alltaf til baka og sýndi mikinn karakter. Liðið spilaði á löngum köflum góðan fótbolta og skoraði langflest mörk í 1. deildinni og var því sætið í efstu deild fyllilega verðskuldað. Meistaraflokkur karla lék samtals 34 leiki á árinu, í Fótbolti.net mótinu, Lengjubíkar, Borgunarbíkar og 1. deild karla. Auk þessa góða árangurs meistaraflokk karla hjá ÍA ber að geta þess að knattspyrnu-

félagið Kári í samvinnu við ÍA komst upp í þriðju deild eftir glæsilegt sumar undir stjórn Sigurðar Jónssonar sem er kominn heim eftir langa fjarveru frá Akranesi.

Knattspyrnumaður ársins 2014

Knattspyrnumaður ársins 2014 á Akranesi var að þessu sinni Garðar Bergmann Gunnlaugsson leikmaður í meistaraflokki karla. Garðar átti mjög gott tímabil sumarið 2014 og var hann markahæstur leikmanna í 1. deild með 19 mörk.

Meistaraflokkur kvenna

Meistaraflokkur kvenna hjá ÍA spilaði í Pepsi-deild á árinu 2014. Þegar ljóst var að liðið myndi spila í þeirri deild var strax hafist handa við að gera enn betur í því starfi sem KFÍÁ hefur unnið að árum saman, þ.e. að efla kvennaknattspyrnuna hjá félaginu. Myndaðir voru stuðningshópar og farið í sérstakar fjáraflanir auk þess að sjá um að elda mat fyrir leikmennina og gestalið eftir heimaleiki. Auk þess var stofnuð heimaleikjanefnd sem fékk frjálsar hendur í því að efla aðsókn að heimaleikjum og passa uppá umgjörðina í kringum leikina. Því miður þá féll liðið niður í 1. deild og spilar þar árið 2015 en eftir stendur reynsla sem hægt verður að byggja á og gera enn betur í umgjörðinni í kringum knattspyrnu kvenna á Akranesi á næstu árum.

Á árinu 2014 var ákveðið í stjórn Knattspyrnufélags ÍA að stuðla að jafnrétti kynjanna innan raða félagsins og að aðstaða og aðbúnaður sé nánast sá sami fyrir meistaraflokk karla og kvenna. Stjórnin óskaði eftir samstarfi við Akraneskaupstað um þetta mikilvæga málefni og samþykkti bæjarfélagið m.a. að kaupa skápa fyrir hvern leikmann í kvennaklefan þannig að aðstaðan verði eins og hjá körlunum. Meistaraflokkur kvenna lék samtals 28 leiki á árinu 2014, í Faxaflóamótinu, Lengjubíkar, Borgunarbíkar og Pepsi-deild.



Fjármál og rekstur

Fall karlaliðsins í 1.deild árið 2013 hafði mikil áhrif á rekstur félagsins á árinu 2014. Draga þurfti verulega úr útgjöldum og með samstilltu átaki hefur tekist að aðlaga reksturinn að nýjum veruleika og það er sérstaklega ánægjulegt að skila ársreikningi félagsins vegna ársins 2014 réttu megin við núllið. Rekstrartekjur voru 147 mkr. og hagnaður af rekstri 400 þúsund. Eigið fé nemur 3,9 mkr. Seldir miðar á heimaleiki voru tæplega 3000 talsins. Auk þess voru seldir u.þ.b. 150 ársmiðar og styrktaraðilar fengu svipaðan fjölda.

Stefnumótun

Vorið 2014 ákvað ný stjórn Knattspyrnufélags ÍA að hefja vinnu við endurskoðun og yfirferð á stefnumótun fyrir félagið. Ákveðið var að byggja á fjölbreyttri öflun upplýsinga frá iðkendum, stjórnafólki, þjálfurum, starfsmönnum og foreldrum og voru haldnir sérstakir stefnumótunarfundir með þessum hópum auk þess sem sérstakur rýnihópur, undir forystu Sigurðar Arnars Sigurðsson formanns Íþróttabandalags ÍA, skilaði greinargerð um styrkleika og veikleika í starfi félagsins. Alls voru skráðar um 400 úrbótatillögur og hugmyndir í þessu verkefni sem aðalstjórn félagsins hefur unnið með og forgangsraðað með kerfisbundnum hætti. Niðurstöður þessarar vinnu eru afar mikilvægar til að efla og bæta starfið og tryggja að þeir fjölmörgu sem eru þátttakendur í starfinu séu að stefna í átt að sömu markmiðum.

Lagabreytingar

Auk þess að vinna að stefnumótun félagsins vann aðalstjórn að því að yfirfara lög félagsins á starfsárinu og voru eftirfarandi tillögur að lagabreytingum lagðar fyrir aukaáðalfund félagsins og samþykktar þann 5. febrúar 2015.

1. Afrekssvið félagsins var lagt niður og að verkefni þess verði falin aðalstjórn
2. Stjórn var veitt heimild til að stofna verkefnahópa um afmörkuð verkefni
3. Stjórn var veitt heimild til að skipa framkvæmdastjórn sem sé skipuð formanni, varaformanni og gjaldkera sem starfi á milli stjórnarfunda félagsins.
4. Aðalfundur félagsins er ætlað að skipa sérstakt Fagráð þriggja einstaklinga til ráðgjafar í gæðamálum félagsins og þegar alvarleg agavandamála kunna að koma upp í starfinu.

Markmið framangreindra breytinga er m.a. að gera starfið skilvirkara og að auka gæði í öllu starfinu.

Fagráð

Á vormánuðum 2014 ákvað aðalstjórn Knattspyrnufélags Akraness að fara þess á leit við Sturlaug Sturlaugsson, þáverandi formann Íþróttabandalags Akraness, að hann myndi vinna tillögur að aðgerðaráætlun til að nýta til að bregðast við alvarlegum frávikum í starfinu s.s. siðferðilegum álítaefnum utan vallar og innan. Sturlaugur leitaði víða fanga í þessari vinnu m.a. hjá Knattspyrnusambandi Íslands og skilaði tillögum sínum til aðalstjórnar félagsins í nóvem-

ber 2014. Tillögur hans fjölluðu í meginatriðum um að sett verði á laggirnar sérstakt fagráð til að fjalla um siðferðileg álítaefni og gæði í starfi Knattspyrnufélags ÍA.

Aðalstjórn félagsins lagði til að sett verði ákvæði um fagráð í lög Knattspyrnufélags ÍA og varð það samþykkt á aukaaðalfundi félagsins þann 5. febrúar 2015.

Heimasíða og samfélagsmiðlar

Heimasíða félagsins www.kfia.is og fésbókarsíða eru mikilvægir miðlar til að koma upplýsingum um starfið til fjölmargra áhugasamra dag hvern. Í sumarbyrjun 2014 opnaði félagið nýja heimasíðu sem er bæði ætlað að vera vettvangur fréttu og upplýsingamiðlunar og einnig fróðleiksbrunnur um sögu félagsins. Félagið á einstaka sögu að baki og meðal efnis á nýju heimasíðunni er mikil sögulegt efni og tölfræði sem Jón Gunnlaugsson og Helgi Daníelsson heitinn hafa safnað í gegnum áratugina. Áfram er mikið verk að vinna á sviði upplýsingamiðlunar á samfélagsmiðlun þar sem þróunin er mjög ör og kröfur breytast sífellt.

Dómarar og dómgæsla

Á árinu 2014 voru 19 dómarar sem störfuðu fyrir Knattspyrnudómarafélaga Akraness (KDA). Samtals dæmði þessi hópur dómara 570 leiki, 194 voru fyrir ÍA og 376 fyrir KSÍ, þar af 20 í alþjóðaleikjum. KDA/ÍA eiga fimm dómara í efstu deild karla og á ekkert annað félag á Íslandi jafnmarga dómara sem starfa í deild þeirra bestu. Þetta eru dómararnir Valgeir Valgeirsson og Ívar Orri Kristjánsson og aðstoðadómararnir Halldór Breiðfjörð Jóhannsson, Björn Valdimarsson og Steinar Berg Sævarsson. Alls eru 12 dómarar sem starfa fyrir KSÍ frá KDA og þykir það með eindæmum gott frá ekki stærra bæjarfélagi en Akranes er. Í lok ársins 2014 var Björn Valdimarsson tilnefndur á lista alþjóðadómara sem er mikill heiður fyrir hann og sýnir vel það góða starf sem unnið er í dómaramálum á Akranesi.

Styrktaraðilar

Alls eru þeir lögaðilar sem styrkja Knattspyrnufélag ÍA um 100 talsins en þeir 15 stærstu eru eftirtaldir :Akraneska aupstaður,Norðurál ehf, Brim hf, BÍlaumboðið Askja ehf, Safalinn ehf. (Errea), HB Grandi hf, Íslandsbanki hf., Kaupás ehf. (Krónan), Verslunin Nína ehf, Olíuverslun Íslands hf, Upplýsingatæknifélagið Omnis ehf, Síminn hf,Vífilfell hf, Vátryggingafélag Íslands hf, Knattspyrnusamband Íslands.

Að lokum

Framundan er fótboltaárið 2015 og þá þarf Knattspyrnufélag ÍA að ná fram þeim mikilvæga kjarna baráttu og sigurgleði sem hefur einkennt gula og glæða um langt árabil. Til þess þarf Knattspyrnufélag ÍA að vera í fremstu röð bæði varðandi uppeldis- og afrekssstarfið og ekki síður þarf félagið á að halda stuðningmönnum til að sinna mikilvægum sjálfbærliðastörfum. Einnig þarf félagið áfram að eiga gott og traust samstarfi við Akraneskaupstað og öflugan hóp fyrirtækja sem hafa ávallt stutt við reksturinn í blíðu og stríðu.

Knattspyrnufélagið Kári

Stjórn Kára 2014

Sveinbjörn Geir Hlöðversson, formaður, Ingimar Ólafsson, varaformaður, Valdimar Kristmunds Sigurðsson, gjaldkeri, Ólafur Sævarsson, ritari, Leó Daðason, meðstjórnandi, Eyþór Ólafur Frímansson, varamaður, Guðmundur Dagur Jóhannsson, varamaður.

Knattspyrnufélagið Kári hóf félagsstarf sitt fjórða árið í röð á árinu 2014. Nokkur óvissa var í gangi í upphafi árs en félagið féll úr 3.deild árið á undan og ljóst að einhverjar breytingar þyrftu að vera á starfi félagsins. Miklar hræringar voru á leikmönnum í upphafi árs og þjálfaramálin voru í óvissu eftir að Valdimar Kristmunds Sigurðsson hafði ákveðið að taka sér frí frá þjálfun eftir 3 skemmtileg ár og þökkum við honum að sjálfsögðu innilega fyrir mikla hjálp og frábært starf. Ákveðið var að bíða með þjálfaramálin fram á vor þar sem erfitt þótti að ráða inn þjálfara miðað við það fjármagn sem var til hjá félaginu, en formaður félagsins tók að sér að stýra æfingum á meðan þjálfaramálin voru óráðin en að auki tók Heiðar Logi Sigtryggsson að sér að stýra nokkrum æfingum og leikjum ásamt tabata æfingum og á hann miklar þakkir fyrir þá aðstoð. Mikið rót var á leikmönnum og mikill óstöðuleiki í gangi enda erfitt að falla um deild og halda dampi og framhaldið nokkuð óljóst, en til að halda úti starfi á vormánuðum var ákveðið að sameina æfingar með Skallagrím og ákváðu félögin að sameina liðin í Lengjubikarnum undir nafninu Kári/Skallagrímur. Það samstarf gekk nokkuð vel, en erfitt var að halda leikmönnum sem nokkrir hverjir leituðu í önnur lið, aðrir hættu og sumarið komið í algjöra óvissu vegna leikmannamála. Það var svo um miðjan apríl að ákveðið var að leita til ÍA um samstarf þannig að 2.flokkur ÍA yrði nefndur ÍA/Kári og þeir leikmenn sem væru skráðir í Kára gætu þá bæði spilað með 2.flokk ÍA og meistaraflokk Kára. Starfsmenn og stjórn KFÍÁ ræddu málið og var ákveðið að samþykka þessa tillögu með þeim skilyrðum að þjálfaramálin yrðu leyst þannig að bæði lið væru sátt og að stefnan yrði tekin strax upp um deild. Í framhaldinu fóru fram nokkrar þreifingar með þjálfaramálin en nokkrir álitlegir voru jákvæðir en það nafn sem allt í einu kom inn í umræðuna kom líklega flestum á óvart, en allt í einu kom eitt stærsta nafn í þjálfun á Íslandi upp á pallborðið þegar til umræðu kom Sigurður Jónsson fyrrum þjálfari FH, Víkings, Grindavíkur, sænska stórliðsins Djurgarden og Enköpings.

Verkalýðsdagurinn 1.maí 2014 mun seint gleymast í sögu Káraliðsins en hann var mjög merkilegur fyrir margar sakir, en á þeim degi skrifuðu þeir Sveinbjörn Geir Hlöðversson formaður Kára, Magnús Guðmundsson formaður ÍA og Sigurður Jónsson þjálfari samning um samstarf milli ÍA og Kára og að Sigurður Jónsson

tæki að sér þjálfun Kára ásamt því að sinna yngri flokka starfi hjá ÍA, samningur sem markaði nýtt og ferskt upphaf hjá Kára og því góða starfi sem hægt er að ná með samstarfi félagana. Mikillar ánægju gætti með þetta samstarf í bæjarfélaginu og ljóst að bæði félög myndu njóta samstarfsins, Káramenn með öflugri hóp og ÍA að fá reynslu fyrir unga og efnilega stráka í leikjum með meistaraflokki. Að auki myndaðist með þessu mikilvæg brú fyrir leikmenn úr 2.flokki yfir í Kára þar sem gríðarlegur fjöldi iðkennda er í yngri flokkum ÍA og ljóst að ekki nema lítið brot af þeim nær að spila með meistaraflokki ÍA. Með samstarfinu verður að auki mun auðveldara fyrir stráka sem ganga upp að taka slaginn áfram með Kára enda búnir að fá leiki með félaginu og kynnast því starfi sem þar er. Annar merkilegur atburður átti sér stað þennan dag en miður skemmtilegur, en okkar ástkæri heiðursfélagi Helgi Daníelsson fór frá okkur þennan dag eftir harða baráttu við veikindi sín. Það er því næstum yfirnáttúrulegt að þetta hafi gerst á sama degi, sérstaklega þar sem Helgi var mikill stuðningsmaður Kára, ÍA, íslenska landsliðsins og Arsenal enda spilaði hann með þeim öllum nema Arsenal en með samningi dagsins sameinuðust öll þessi félög á einn eða annan hátt í einn góðan samning en Sigurður Jónsson er fyrrum leikmaður allra þessara liða Kára, ÍA, íslenska landsliðsins og Arsenal og því engu líkara en að Helgi hafi samið þessa góðu sögu áður en hann fór frá okkur. Helgi Daníelsson var eins og áður segir mikill stuðningsmaður og áhugamaður um Kára og var hann duglegur að mæta á leiki og taka myndir, hann mætti einnig á fundi og á lokahóf félagsins sem og er útlit aðalbúnings félagsins honum að þakka, en hann er eftirmynd af fyrsta búnings Kára frá 1922. Helgi mætti að auki oft í búningsklefann hjá Káramönnum fyrir leiki og var einstaklega gaman að sjá það kapp sem leikmenn Kára fengu af nærveru hans. Helga Daníelssyni er sárt saknað en saga hans lifir og hann lifir með félaginu um ókomna tíð. Hvíldu í friði kæri heiðursfélagi.

Það var ljóst frá upphafi samningsins við Sigurð Jónsson og KFÍÁ að þetta yrði gríðarlega mikil lyftistöng fyrir Kára og framhald félagsins. Sérstaklega þar sem það var vitað fyrir samninginn að leikmannahópur Kára var mikið laskaður og menn ekki í því ástandi sem boðlegt yrði í liði sem ætlaði sér strax aftur upp um deild. Það beið því Sigurðar mikið og erfitt verkefni að stilla saman strengi og koma mönnum í sem besta form miðað við aðstæður áður en mótið myndi hefjast nokkrum vikum seinna. Sigurður var



ekki lengi að keyra þetta í gang og tók ekki langan tíma að sjá að þarna færi mjög reyndur og góður þjálfari með mikinn metnað fyrir verkefninu þó svo að það væri á allt öðru plani en þau verkefni sem hann hafði tekið áður að sér. Mikill og stór hópur ungra stráka úr 2.flokk ÍA skiptu yfir í félagið stuttu fyrir mót, en auk þeirra komu nokkrir sterkir leikmenn til félagsins en í heildina á árinu 2014 skiptu 31 einstaklingur yfir í Kára sem má telja ansi gott miðað við ástand félagsins í upphafi árs.

Káramenn spiluðu sinn fyrsta mótsleik undir stjórn Sigurðar Jónssonar þann 13.mái er liðið spilaði í 2.umferð Borgunarbikarsins, en þar mættu Káramenn 1.deildarliði KV á heimavelli en ljóst var fyrir leik að þarna yrði um gríðarlega erfitt verkefni að ræða enda Káramenn í 4.deild. Þrátt fyrir að leikurinn hafi endað 0-4 fyrir KV að þá gáfu Káramenn þeim fínan leik og spiluðu á köflum mjög flottan fótbolta og hefði leikurinn hæglega getað endað betur en raun varð.

Alvaran hófst svo þann 21.mái þegar Káramenn mættu í sinn fyrsta deildarleik gegn Lummunni, en fyrir mót var Kára spáð 4.sæti í riðlinum af fótolti.net en Lummunni 3.sæti þ.a. um spennandi viðureign var að ræða en svo fór að Káramenn unnu mjög sannfærandi sigur 5-0 og voru strax staðráðnir í að fella þessa spá og koma sér í toppbaráttuna frá fyrsta leik. Sú varð svo raunin og við tók toppbaráttu út tímabilið þar sem Káramenn voru lengi vel á toppi riðilsins. Í upphafi virtist stefna í einvígi milli Kára og Álftaness um toppsætið en undir lokinn laumaði lið Hvíta Riddarans sér í baráttuna um sæti í úrslitakeppni 4.deildar en Káramenn töpuðu sínum eina leik gegn þeim í riðlinum í lok Júlí, en þá hafði liðið unnið 7 leiki og gert 2 jafntefli gegn Álftanesi en ekki tapað neinum leik. Hvíti Riddarinn átti með þessu smá von á að taka 2.sætið af Káramönnum ef þeir myndu misstíga sig í síðustu tveimur leikjunum en Káramenn klárðu mótið með stæl og sigruðu síðustu 2 leikina í riðlinum og enduðu í 2.sæti einu stigi á eftir Álftanesi. Káramenn klárðu riðilinn með 9 sigrum, 2 jafnteflum og 1 tapleik og markatöluna 51-13 og fyrsta markmiði sumarsins náð sem var að komast í úrslitakeppni 4.deildar.

Framundan var gríðarleg baráttu 8 sterkustu liða 4.deildarinnar um 2 laus sæti í 3.deild að ári og var það aðalmarkmið Kára að ná þannig sæti. Káramenn hófu leik sinn gegn sterku liði KH í Akraneshöll, fyrri hálfleikur var allur í járnum og staðan í hálfleik 0-0. Seinni hálfleikur var allt önnur skemmtun, en svo virtist sem að einhverjir leikmenn KH réðu ekki við spennustigið í leiknum og fengu 2 leikmenn þeirra rauð spjöld í hálfleiknum og Káramenn því tveimur fleiri. Káramenn voru ekki lengi að ganga á lagið og enduðu á að vinna leikinn mjög sannfærandi 4-0. Seinni leikurinn fór svo fram á Hlíðarenda en spennustigið í þeim leik var ekki nálægt því sem það var í fyrri leiknum enda erfitt að vinna upp 4 marka forystu, en svo fór að Káramenn unnu leikinn 2-4 og viðureignina 2-8 samanlagt sem verður að teljast mjög sannfærandi úrslit gegn sterku liði. Við tók úrslitarimma við lið KFS sem að margra mati var talið eitt allra besta lið 4.deildarinnar og var liðinu oftast en ekki spáð því að komast upp um deild enda kempur á borð við Tryggva Guðmunds og Sigurvin Ólafsson inn-

aborðs. Káramenn lögðu af stað í ferðalag og eftir siglingu með Herjólfri þann 6.september tók við hörkuleikur gegn liði KFS. Káramenn virkuðu mun sprækara liðið á vellinum en KFS var stórhættulegt fram á við. KFS komst í 1-0 strax eftir um korters leik, en Káramenn jöfnuðu skömmu seinna, bæði lið misnotuðu góð færi en á 72 mínútu komust Káramenn yfir í leiknum og þeirri forystu héldu þeir til leiksloka og 1-2 sigur staðreynd. Seinni leikur liðanna fór svo fram í Akraneshöll þann 10.september og klárt mál að Káramenn gátu ekkert slakað á með nauma forystu úr fyrri leiknum enda sæti í 3.deild í húfi. Það varð samt strax greinilegt að Kári var mun sterkara liðið og sást það strax í fyrri hálfleik því að honum loknum voru Káramenn komnir í 4-0 forystu eða 6-1 samanlagt úr leikjunum tveimur og staða KFS heldur betur slæm. Káramenn héldu svo áfram að gefa í og á 50 mínútu var staðan orðin 5-0 áður en gestirnir náðu að pota inn marki, en svo fór að Káramenn sigruðu leikinn mjög sannfærandi 6-3 og samanlagt 8-4 en með þessum sigri var liðið búið að tryggja sér sæti í 3.deild að ári og markmiði sumarsins náð fullkomlega. Mikill fögnuður brast út á meðal leikmanna, þjálfara og áhorfenda sem fjölmenntu á völinn. Einn leikur var þó eftir en það var úrslitaleikur um sigur í 4.deild 2014 gegn liði Álftaness sem Káramenn höfðu mætt tvisvar áður í hörku rímmum og báðir endað með jafntefli. Káramenn þurftu að mæta án ungu strákana þar sem þeir áttu fyrir höndum bikarúrslitaleik í 2.flokki og að auki voru nokkrir lykilmenn meiddir, þrátt fyrir þetta mættu menn tilbúnir í úrslitaleik sem menn höfðu fullan hug á að vinna. Úrslitaleikurinn sem fór fram á Álftanesi var mikill baráttuleikur þar sem mjög lítið af opnum færum sköpuðust, Álftanes komst yfir í leiknum á 12 mínútu þegar boltinn skoppaði í stöng í markmanninn og stöngina og inn. Káramenn reyndu hvað þeir gátu að jafna leikinn en þrátt fyrir nokkrar ágætir tilraunir náðist það ekki og í uppbótartíma gulltryggnu leikmenn Álftaness sér sigurinn í deildinni og var það fyllilega verðskuldað. Þrátt fyrir smá svekkelsi undir lok úrslitaleiks voru menn fljótir að ná sér enda aðalmarkmiði sumarsins náð sem var að komast upp í 3.deild og geta allir sem komu að félaginu með einum eða öðrum hætti verið stolt af þessum frábæra árangri og tóku menn silfrinu fagnandi, en þess má geta að þeir leikmenn 2.flokks sem spiluðu með Kára enduðu með 3 silfur því 2.flokkur endaði í 2. sæti á Íslandsmótinu eftir frekar lélega byrjun en þeir fengu að auki silfur í bikarkeppni 2. flokks, sannarlega frábær árangur á báðum vígstöðvum og ekki nokkur spurning að samstarf félagana hafi bætt bæði lið.

Á árinu tók ótrúlegur fjöldi leikmanna þátt í starfi félagsins en á Íslandsmótinu spiluðu 46 leikmenn þá 17 leiki sem leiknir voru en við það bætast einhverjir 6 sem spiluðu með liðinu í Lengjubikarnum þ.a. í heildina spiluðu 52 leikmenn leiki liðsins á vegum KSÍ á árinu, en í þessum tölum er talsverður fjöldi leikmanna úr 2.flokki ÍA eða 15 talsins sem spiluðu stórt hlutverk í uppgangi Kára á árinu og fengu mikla og góða reynslu með því að spila í deild hinna fullorðnu.

Stjórn félagsins Kára var endurkjörin á vormánuðum og voru þar engar breytingar gerðar enda var félagið á þeim

tíma á vissum tímamótum og óvissan mikil, en eftir að samningar náðust við ÍA og ljóst var að gríðarlega öflugur þjálfari kæmi til félagsins var farið að vinna í að fjármagna sumarið, en samningar við flest fyrirtækin sem áður höfðu styrkt Kára framlengdust og Landsbankinn hélt sinni stöðu sem aðalstyrktaraðili Kára, fjórða árið í röð. Káramenn söfnuðu svo saman vinningum í glæsilegt happdrætti Kára sem haldið var í lok sumars og var frábært að finna stuðninginn í bæjarfélaginu bæði frá þeim frábæru fyrirtækjum og listamönnum sem styrktu félagið með vinningum og svo með öllum þeim miðafjölda sem keyptir voru af bæði einstaklingum og fyrirtækjum. Styrkir frá fyrirtækjum og sala á happdrættisvinningum tryggði Kára nægt fjármagn til að reka félagið yfir allt árið og meira til og er staða þess undir lok árs nokkuð góð.

Eftir tímabilið var haldið lokahóf Kára en þar var fengu leikmenn og þjálfari að velja leikmann ársins, efnilegasta leikmann ársins og við þetta bættist val á besta unga leikmanni ársins þ.e. á milli þeirra sem spiluðu og voru á 2.flokks aldri. Svo fór að leikmaður ársins var valinn Ragnar Már Viktorsson sem hafði spilað mjög vel sem miðvörður í hjarta varnarinnar, efnilegastur var svo valinn Páll Sindri Einarsson sem spilaði feiknaveit á miðjunni í sumar og sérstaklega í úrslitakeppninni þar sem hann blómstraði og skoraði nokkur glæsileg mörk. Besti ungi leikmaðurinn var svo valinn Hákon Ingi Einarsson sem stóð sig gríðarlega vel í hægri bakverðinum og gerði bæði sóknarmönnum og varnarmönnum hinna liðana mikinn grikk með hraða sínum og styrk, en þess má geta að Hákon er yngri bróðir Páls Sindra. Atli Albertsson varð svo markahæsti leikmaður Kára á árinu með 11 mörk í 9 leikjum en góður árangur hans með Kára kveikti áhuga Aftureldingar á að fá hann til sín á samning og fór hann yfir til þeirra í lok júlí. Ragnar Már Viktorsson var val Kára í tilnefningu til Íþróttamanns Akraness 2014.

Knattspyrnufélagið Kári horfir björtum augum á framtíðina enda hefur samstarf félagsins við ÍA verið félaginu mikil lyftistöng og að fá Sigurð Jónsson sem þjálfara liðsins hefur gert það að verkum að félagið hefur náð nýjum hæðum og ljóst að félagið mun stefna beint á toppbaráttu í sumar. Mikið af efnilegum ungum strákum er í yngri flokkum ÍA og eitt af því sem er ánægjulegt þetta árið er að allir þeir sjö strákar sem voru á elsta ári í 2.flokki og spiluðu með Kára síðasta sumar hafa ákveðið að taka slaginn áfram með Kára og hefur aldrei í sögu Kára komið svona mikill fjöldi leikmanna upp úr 2.flokk beint í Kára og þar liggur óneitanlega framtíð Kára, í ungum og efnilegum leikmönnum sem þurfa tíma til að þroskast meira og geta svo gert atlgöngu að stærri verkefnum ef þeir kjósa það. Helstu verkefni sem framundan eru á árinu snýr þó að fjármagni og fjáröflun því með meiri árangri og sterkari leikmönnum kemur meiri krafa á bættan aðbúnað og aðstöðu, það er því vonandi að okkur verði áfram vel tekið í verkefnum á þeim sviðum sem framundan eru.

Við viljum þakka öllum þeim stuðningsmönnum sem mættu á leiki okkar í sumar en það var frábært að sjá yfir 300 manns mæta í Akraneshöll og styðja liðið í úrslitaleik um sæti í 3.deild gegn KFS. Við viljum líka þakka stjórn

og starfsmönnum KFÍA fyrir frábært samstarf og að lokum viljum við þakka öllum þeim einstaklingum og fyrirtækjum sem hafa lagt okkur lið með að halda Knattspyrnufélaginu Kára gangandi með einum eða öðrum hætti.

Kraftlyftingafélag Akraness

Aðalfundur

Aðalfundur félagsins fór fram í Íþróttahúsinu við Vesturgötu miðvikudaginn 2.apríl 2014. Á fundinum var ný stjórn kjörin: Einar Örn Guðnason, formaður, Eva Ösp Sæmundsdóttir, gjaldkeri, Lára Bogey Finnbogadóttir, ritari, Andri Gústavsson og Arnar Dór Hlynsson, meðstjórnendur. Sturlaugur Agnar Gunnarsson og Kári Rafn Karlsson, varamenn.

Kraftlyftingamaður Akraness

Eftirfarandi er úrdráttur úr bréfi vegna tilnefningar til Íþróttamanns Akraness 2014:

Einar Örn er einn besti kraftlyftingamaður landsins þrátt fyrir ungann aldur, árið 2014 var síðasta ár hans sem keppandi í unglingaflokki.

Einar er mjög sterkur karakter og leggur mikla vinnu í allt sem hann gerir auk þess að vera að æfa með félaginu hérna á Akranesi þá er hann okkur hinum sem erum að æfa með honum til halds og trausts. Hann miðlar til okkar allri þeirri reynslu og þekkingu sem hann hefur og hann er mjög duglegur að kynna íþróttina, auk þess er hann formaður kraftlyftinarfélags Akraness og situr í mótanefnd hjá KRAFT (kraftlyftingafélagi Íslands).

Aftek Einars á árinu 2014 á erlendri grundu voru:

IPF juniors world powerlifting championship í Ungverjalandi með landsliðinu þar setti hann íslandsmeistarmet í hnébeygju 295 kg í -93 kg flokki.

Epf juniors european powerlifting championchip 2014 í Rússlandi en þar setti hann íslandsmet í bekkpressu



71. ársþing ÍA

212,5kg í -105 kg flokki og sú lyfta tryggði honum brons verðlaun í bekkpressu .

Afrek á íslenskri grundu árið 2014 voru:

2 . sætið á Íslandsmeistaramótinu í bekkpressu í janúar. Hann varð bikarmeistari í sínum flokk á Akureyri núna í nóvember en þar setti hann Íslandsmet í hnébeygju í opnum flokki en hann beygði 301 kg. Einar á 7 standandi Íslandsmet í dag. Hann er í 6 sæti á lista yfir besta kraftlyftingafólk Íslands og svo er hann í 33.sæti á lista yfir besta kraftlyftingafólk heimsins.

Árangur á mótum

RIG – Íslandsmeistaramótið í Bekkpressu

2.sæti - Einar Örn Guðnason -93kg flokkur með 195kg. Íslandsmeistarmót í klassískum kraftlyftingum

1.sæti - Árni Thor Guðmundsson -105kg flokkur með seríuna;205kg - 155kg - 250kg = 610kg í samanlögðu.

Íslandsmeistaramót í Kraftlyftingum

2.sæti – Einar Örn Guðnason -93kg flokkur með seríuna;260kg – 200kg – 260kg = 720kg í samanlögðu.

EM unglinga í Rússlandi

6.sæti - Einar Örn Guðnason -93kg flokkur með seríuna;290kg - 212,5kg - 255kg = 757,5 í samanlögðu.

HM unglinga í Ungverjalandi

10.sæti – Einar Örn Guðnason -93kg flokkur með seríuna;295kg – 200kg – 270kg = 765kg í samanlögðu.

Íslandsmeistaramót í Réttstöðulyftu

1.sæti – Lára Bogey Finnbogadóttir +84kg flokkur með 150kg.

Bikarmót í kraftlyftingum

Steinunn Guðmundsdóttir -72kg flokkur með seríuna;X – 70kg – 122,5kg, en hún datt út í beygjum.

1.sæti – Einar Örn Guðnason -105kg flokkur með seríuna;301kg – 222,5kg – 260kg = 783,5kg í samanlögðu.

Körfuknattleiksfélag Akraness

Stjórn Körfuknattleiksfélags Akraness: Örn Arnarson, formaður, Róbert Gunnarsson, gjaldkeri, Hannibal Hauksson, ritari, Ómar Helgason, Birkir Guðjónsson, Rúnar Freyr Ágústsson ög Guðmundur Ó Kristjánsson, meðstjórnendur.

Áskell Jónsson var ráðin þjálfari meistaraflokks og hófst keppnistímabilið mjög vel, sigur í þrem fyrstu unnust 3 fyrstu leikjunum. Liðið tapaði svo naumlega fyrir Þór Akureyri en vann Hött frá Egilsstöðum á ævintýrlegan hátt eftir framlengdan leik. Liðið lék við Fjölnir úr Grafarvogi í 32ja liða úrslitum Powerade bikarsins í bragganum á Jaðarsbökkum. Leikurinn fór vel af stað og jafnræði var með liðunum en við heimamenn leiddum með fimm stigum



í hálfelík 50-45. Gestirnir úr Grafarvogi komu tilbúnari til seinnihálfleiks en við heimamenn og lönduðu 95-103 sigri þegar upp var staðið. Í kjölfarið tapaði liðið næstu 3 leikjum í deildinni. Þegar uppi var staðið endaði liðið í 8. sæti með 12 stig og það sem stendur uppúr er að liðið spilaði einn skemmtilegasta sóknarboltann í deildinni.

Það voru 3 flokkar sem æfðu og kepptu undir merkjum körfuknattleiksfélagsins. Einnig voru æfingar hjá heldri-bolta höfðingjum einu sinni í viku í vetur. Þorsteinn Þórarinnsson var þjálfari 9. og 10. flokks, Jóhannes Helgason þjálfaði 7. og 8. flokk og Jón Þór Þórðarson var svo með minnibolta fyrir krakka í 1. – 6. bekk sem tók þátt í fjölda móta. Körfuknattleikfélag Akranes stóð fyrir fjölmörgum fjáröflunum eins og t.d. happadrætti, BasketBall open og Hvalfjarðarknatraki. Að lokum þakkar Körfuknattleiksfélagið fyrir stuðninginn á árinu, útlitið er bjart í körfunni og það eru spennandi tímar framundan.

Að venju voru það leikmenn meistaraflokks auk stjórnar sem völdu körfuknattleiksmann ársins 2014. Fyrir valinu varð Zachary Jamarco Warren en hann lék gríðarlega stórt hlutverk með liðinu í 1. deildinni. Zachary sýndi marga magnaða leiki á tímabilinu, getur skotið hvaðan sem er utan af velli og skorað, 3ja stiga nýting hans á tímabilinu var mörguð en hann hitti úr 102 af þeim 253 skotum sem hann reyndi. Boltameðferð hans, hraði og gott auga fyrir leiknum voru oftar en ekki hreint kongfekt fyrir augað og óhætt að segja að kappinn gladdi margan stuðningsmanninn, jafnt hjá okkur Skagamönnum sem og andstæðingum okkar. Zachary er ekki bara góður leikmaður heldur er hann mjög geðþekkur og þægilegur félagi.

Ungmennafélagið Skipaskagi

Stjórn Ungmennafélagsins Skipaskaga skipa þau, Anna Bjarnadóttir formaður, Skafti Steinólfsson gjaldkeri, Gunnar Högnason ritari. Meðstjórnandi er Jóna Adolfsdóttir.

Skýrsla stjórnar

30.janúar var fundur í Borgarnesi, þar sem félagar frá UDN, UMSB, HSH og Skipaskaga mættu til að ræða Stefnumótun Landsmótanna. Formaður (AB) fór á fundinn.

7. febrúar, formaður félagsins (AB) fór á fund í þjónustumiðstöð UMFÍ með starfsfólki UMFÍ, formönnum og framkvæmdastjórum félaganna. Gott fyrir þennan hóp að hittast og ræða það sem er að gerast í hérað og eins sagði formaður HSV frá því hvernig þau hafa gert í sínu héraði til að fá sem flesta til að vera með.

26.júní, gjaldkeri félagsins (SSS) og meðstjórnandi (JA) sátu fund hjá aðalstjórn ÍA. Formaður félagsins (AB) sat fund hjá aðalstjórn ÍA í okt.sl.

Formaður og gjaldkeri sátu þing ÍA í byrjun apríl sl.

11.október, 39. sambandsráðsfundur UMFÍ var haldinn í Garðabæ. Formaður (AB) fór á fundinn

Sam-Vest verkefnið er í fullum gangi og þar er SSS fulltrúi Skipaskaga í þeirri nefnd. Það hafa verið haldnar æfingar í frjálsum íþróttum í Laugardalnum með krökkum úr héraði með þjálfurum úr Reykjavík og þjálfurum úr héraði. Þessar æfingar voru haldnar tvisvar sinnum á sl ári og voru þær vel sóttar. Einnig voru æfingar um héraðið þar sem reynt var að fá þjálfara að sunnan til að vera með æfingarnar. Héraðsmót í frjálsum íþróttum utanhúss var haldið í Borgarnesi fyrir unga og aldna. Skipaskagi ætlar að halda áfram að vera með í þessu verkefni.

Ekki voru margir stjórnarfundir haldnir á árinu en kallað saman til fundar þegar þurfti að fara yfir ákveðin málefni.

FEBAN íþróttaklúbbur

